Grundaskóli
Akranesi





# PÚLSINN



**SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA**
1. tbl. - 22. árg. - Júlí 2017

# Ágætu lesendur!



Það er komið að skólalokum í Grundaskóla enn eitt árið. Í huga flestra er sem útskriftarnemar í árgangi 2001 hafi komið inn í skólann sem nýnemar fyrir örskömmu síðan. Ekki að tíu ára grunnskólagöngu þeirra sé lokið.

Það er einnig sérstakt að fyrsta skólaári mínu sem skólastjóri sé að ljúka. Það er mikið lán og um leið mikil ábyrgð að fara fyrir einum fjölmennasta og framsæknasta grunnskóla landsins. Viðburðarríkt og starfssamt skólaár er á enda.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllu starfsfólki skólans fyrir frábært samstarf í vetur, góða vinnu, mikið traust og endalausan stuðning. Í sameiningu höfum við öll haldið þessari 35 ára stórskútu á fullri siglingu.

Grundaskóli ber aldurinn vel. Skólinn býr við góða aðstöðu og hefur á að skipa frábæru starfsfólki. Allt þetta gerir kröfur um að skólinn sé í fremstu röð grunnskóla. Starfsfólk hefur verið óhrætt að takast á við ný verkefni, leysa mál sem upp koma og bregðast við nýjum kröfum og verkefnum. Skólinn hefur hagsmuni nemenda ávallt að leiðarljósi og allt okkar starf miðast við að bæta árangur nemenda í skólanum.

Grundaskóli er eftirsóknarverður vinnustaður. Meðan margir skólar eiga erfitt með að manna allar stöður getum við valið úr tugum umsókna fagfólks. Það er framsækið skólastarf, góður starfsandi, öflugt foreldrasamfélag og hollusta við skólann sem heillar. Við skulum öll leggjast á eitt að vernda þessa stöðu æsku Akraness til heilla.

Nú í vor gekk efnilegur útskriftarhópur út úr Grundaskóla og vonandi allur yfir í framhaldsskóla. Það skiptir máli að sækja skóla og njóta góðrar menntunar.

Það skiptir máli að hver og einn hugleiði hvaða námsleið hentar og byggja á styrkleikum sínum. Það er fyrir löngu sannað að allir geta lært. Þetta er meira spurning um vilja og viðhorf eða eins og segir í söngtextanum: ***„Hugurinn ber mann hálfa leið, hitt er bara vinna."***

Fyrir nokkru hitti ég ungan mann og spurði hann hvort hann hefði valið framhaldsskóla og hvað hann ætlaði að læra að loknum grunnskóla. Það stóð ekki á svari. Hann sagðist ætla að taka stúdentspróf, fara síðan í viðskiptafræði eða lögfræði eða bara eitthvað sem hann þyfti ***„ekki að vinna mikið en hefði rosa gott kaup."***

Einfalt og skýrt en frekar óraunhæft.

Ég get lofað ykkur að allir þurfa að vinna og ekkert kemur að sjálfu sér. Dugnaður, heiðarleiki og samviskusemi eru hins vegar dyggðir sem munu skila árangri á öllum sviðum samfélagsins jafnt í einkalífi sem á atvinnumarkaði.

Ég vil hvetja nemendur og foreldra til þess að huga að þeim fjölbreyttu námsleiðum sem eru í boði. Hugsa sjálfstætt og hugleiða vel hvað hentar fyrir hvern og einn. Lengi hefur t.d. verið kallað eftir fleiri iðnaðarmönnum, fólki sem býr yfir skapandi hugsun, vinnu í listgreinum og hönnun, fólki sem hefur áhuga á raungreinum eða forritun og tækni svo eitthvað sé nefnt. Já, vegir liggja til allra átta og um margt spennandi að velja.

Fyrir skömmu kom forsvarsmaður eins helsta sprotafyrirtækis landsins fram og ræddi nýjan vanda sem blasti við á atvinnumarkaði. Það er skortur á félagsfærni eða skortur á samskiptafærni. Að fólk sé að tapa sér í einhverri tækneyslu. Að fólk kunni á óteljandi tækninýjungar svo sem smáforrit og snjalltæki en það kann ekki að ræða saman, leita nýrra leiða, skilgreina vanda og finna lausnir.

Þetta eru skilaboð sem við öll þurfum að taka til okkar. Hér er verkefni sem bæði heimilin og skólarnir verða að vinna betur með. Grundaskóli og starfsfólk hans mun leggja sig fram við að fóta sig í upplýsingatækninni og reyna að nýta nýja tækni til framfara í menntun. Við erum þó vel meðvituð um að góð líðan og góð samskiptahæfni eru lykill að vellíðan og velgengni.

Gefum okkur betri tíma til að ræða málin saman og styðja hvert annað í lífsins leik.

***Gleðilegt sumar.***
***Sigurður Arnar Sigurðsson,***
***skólastjóri.***

**PÚLSINN**

Skólablað
Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***
Sigurður Arnar Sigurðsson

Grundaskóli
Akranesi

**Heimasíða Grundaskóla:**
www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:**
grundaskoli@akranes.is

# Flottir krakkar í umferðinni

## 1. bekkur

Það voru kátir og duglegir krakkar sem byrjuðu í Grundaskóla í haust. Við upphaf skólagöngunnar er mikilvægt að kunna að fara eftir umferðarreglum. Við vorum svo heppin að fá nemendur í 9. bekk til að ganga með okkur öruggustu leiðina frá heimili til skóla. Við ræddum um þau umferðarmerki sem á vegi okkar urðu, helstu hættur í umferðinni og að lokum teiknuðum við mynd af leiðinni. Þetta var skemmtilegt verkefni og alltaf spennandi að vinna með unglingunum. Þegar dimma tók fengum við umferðarvesti að gjöf frá Grundaskóla til að við sæjumst sem best í umferðinni.

Í vor fengum við góða heimsókn frá fulltrúum Kiwanis þegar þeir komu og gáfu öllum nemendum í árgangnum hjólahjálma. Nokkrum dögum síðar var hjóladagur í skólanum og þá komu hjálmarnir sér vel. Hjólin voru skoðuð og þrifin og að lokum fengu allir að spreyta sig á þrautabraut.





# Bjarteyjarsandur

## 2. bekkur

Mánudaginn 8. maí fór 2. bekkur í skemmtilega ferð á Bjarteyjarsand. Þar tók á móti okkur Þórdís ásamt fleiri heimamönnum. Við fórum í fjárhúsið og allir fengu að halda á lambi. Einnig sáum við grísi, geitur, kanínur, hesta, unga og hunda. Hundarnir á bænum tóku einstaklega vel á móti okkur og voru mjög fjörugir.

Eftir góðan nestistíma fóru allir niður í fjöru þar sem kannaðir voru leyndardómar fjörunnar. Þar fundum við krabba, krossfiska, skeljar og kuðunga.

Það voru vot og ánægð börn sem fóru til baka með rútunni.











# Frá 3. bekk



## 3. bekkur

Í vetur höfum við í 3. bekk fræðst um heimabæ okkar Akranes. Nemendur lærðu mörg örnefni, skoðuðu gamlar myndir, skipulagskort, loftmyndir og fleira til að gera sér í hugarlund hvernig bærinn hefur breyst í áranna rás.
Þau fræddust einnig um hvað bærinn okkar hefur upp á að bjóða í dag og svo skoðuðum við nokkrar helstu náttúruperlur við Akranes.

Börnin byggðu einnig bæinn sinn úr stórum Unit-kubbum. Þar þurftu þau að hugsa um stærð bygginga og staðsetningu þeirra og svo merktu þau fyrirtæki og helstu staði.

Okkur kennarana langaði líka til að nemendur okkar kynntust staðnum betur með því að skoða og fræðast um fyrirtæki og helstu stofnanir bæjarins. Til þess að geta gert það leituðum við til foreldrahópsins til að fá leyfi til að kíkja á vinnustaði þeirra og fræða börnin um vinnu sína. Það leyfi var auðsótt. Margir foreldrar og jafnvel ömmur og afar vildu taka á móti okkur og aðrir komu til okkar í skólann með fræðslu og myndir. Vinnustaðaheimsóknirnar gengu út á að fara og skoða vinnustaðinn og að fá fræðslu um starfsemina og jafnvel hvaða nám foreldrar höfðu og í hvaða skóla þeir höfðu gengið til að afla menntunarinnar.

Þetta verkefni var algjörlega frábært. Nemendur höfðu virkilega gaman af þessum heimsóknum og voru greinilega tilbúnir að fá fræðsluna. Stundum voru börnin undirbúin og tilbúin með spurningar sem þeir fengu svo svör við. Margir voru að kynnast nýjum stöðum og starfsemi sem þeir vissu ekki að væri á Akranesi. Sumir nemendanna sáu foreldra/ættingja sína við daglega vinnu sína í fyrsta skipti.

Meðal þeirra vinnustaða sem heimsóttir voru í vetur voru Trésmiðjan Akur, Dvalarheimilið Höfði, leikskólinn Vallarsel, lögreglustöðin og fasteignasalan Hákot.

Börnin kynntumst einnig starfi sjúkraflutningamanna og starfsemi Slippsins og fengu skemmtilega fræðslu um sjávarútveg.

Heimsóknirnar voru svo m.a. notaðar til að vinna ritunarverkefni þegar í skólann var komið. Þetta var virkilega gott tækifæri til færa námið út fyrir veggi skólans og allir höfðu gaman af.

Við í 3. bekk þökkum kærlega fyrir samstarfið í vetur, kæru foreldrar.







# Hvala- og Íslandsþema

## 4. bekkur

Helstu verkefnin í 4. bekk í vetur voru hvalaverkefni á haustönn og Íslandsþema á vorönn. Hvalaverkefnið var samþætt við list- og verkgreinar. Megin viðfangsefni var þjóðsagan um hvalinn Rauðhöfða sem grandaði skipum í Hvalfirði ásamt fræðslu um hvali við Ísland. Þessari vinnu lauk með sýningu á verkum nemenda sem foreldrum og gestum var boðið á.

Á vorönn hafa nemendur verið að læra um Ísland, m.a. um náttúru, sögu og lýðveldi landsins. Árgangurinn er einnig að hlaupa vegalengdina í kringum Ísland. Hlaupið fer fram í Akraneshöll og teljum við hringina sem hver og einn hleypur hverju sinni og leggjum saman. Okkur miðar vel áfram.

Í byrjun maí var farin námsferð til Reykjavíkur þar sem við heimsóttum m.a. Alþingi og Landnámssetrið.













# Árshátíðaratriði 5. bekkjar

## 5. bekkur

Hugmyndavinnan fór fram í hverjum bekk fyrir sig. Síðan var árgangnum blandað í tvo hópa og unnið úr hugmyndunum. Innan hvors hóps fengu krakkarnir að velja sér atriði eftir áhugasviði og sömdu síðan og mótuðu sitt atriði. Í svona vinnu reynir mikið á sköpun, samskipti og samvinnu og má því segja að undirbúningsvinnan sé mikið hópefli. Það var gaman að sjá hvernig gleðin og ánægjan með vinnuna endurspeglaðist í flutningi atriðisins á árshátíðarsýningum skólans.







# Sigling um sundin blá

## 6. bekkur

24. apríl fórum við árgangurinn í skólaferðalag til Reykjavíkur. Faxaflóahafnir buðu okkur upp á siglingu kringum eyjarnar Viðey, Lundey, Engey og Akurey.

Við lögðum af stað í rútu frá Grundaskóla kl. 8:15. Í rútunni skemmtu sér allir mjög vel. Við sungum, spjölluðum og tókum örlítið víkingaklapp. Þegar við komum á áfangastaðinn var búið að skipta okkur í tvo hópa.

Það voru tvær konur sem tóku á móti okkur við höfnina og afhentu okkur björgunarvesti. Hópur 1 fór fyrst í bátinn Rósina meðan hópur 2 fékk sér nesti og fór svo í göngutúr.



Konurnar sögðu okkur frá eyjunum í kring t.d. af hverju Lundey heitir Lundey og af hverju Akurey heitir Akurey. Úti voru miklar gusur og það skvettist á nokkra krakka og urðu þeir rennandi blautir. Næst var skipt og þeir sem voru úti fóru inn og þeir sem voru inni fóru út.

Konan fræddi okkur um sjávardýr t.d. krabba, hvali, ígulker og margt fleira. Meðan við vorum í bátnum var tekið upp myndband og við vorum spurð hvernig okkur fyndist ferðin vera.

Við fórum í göngutúr að Sjóminjasafninu og skoðuðum svæðið þar um kring. Þegar siglingunum var lokið fóru allir aftur í rúturnar og keyrt var til Mosfellsbæjar í Lágafellslaug. Við borðuðum nesti og þegar allir voru búnir að borða fórum við ofan í laugina og skemmtum okkur svakalega vel.

Það voru þrjár mismunandi rennibrautir eða rauð, gul og appelsínugul. Það voru mjög margir sem fóru í rennibrautirnar og stundum voru meira að





segja mjög langar raðir. Það voru líka nokkrir sem fóru í kalda karið og sumir voru að leika sér í köldu lauginni.

Eftir sundið fórum við út að leika okkur meðan við vorum að bíða eftir rútunum. Þegar allir voru komnir inn í rútunar lögðum við af stað heim. Á leiðinni heim voru mjög margir þreyttir eftir ferðina en allir voru ánægðir og glaðir.

Takk fyrir boðið Faxaflóahafnir.

*Fyrir hönd 6.bekkja, Katrín Fjóla, Katrín María og Ylfa Laxdal*



PÚLSINN

# Nýtt kennsluhúsnæði

Veturinn hefur verið viðburðarríkur og skemmtilegur í alla staði. Í upphafi skólaárs fluttist 7. bekkur í nýtt kennsluhúsnæði sökum húsnæðisskorts í aðalbyggingu skólans. Óhætt er að segja að það hafi farið vel um nemendur og starfsfólk í nýju húsnæði sem sést kannski best á því að nemendur geta vart hugsað sér að flytjast aftur inn.

## 7. bekkur

Verkefnin sem unnin hafa verið í vetur hafa verið af ýmsum toga, bæði stór og smá og eflaust mis skemmtileg eins og gengur. Í flokki þeirra skemmtilegu má til að mynda nefna Samræmd könnunarpróf, jólasveinaleikrit, Reykjaskólaferð, Stóru upplestrarkeppnina, Óskaveröldina og heimsókn frá nemendum í Lilleskolen í Danmörku.


















# Að byrja í 8.bekk

### *Hugleiðing nemenda*

Við ímynduðum okkur að unglingadeildin væri eins og High School Musical myndirnar. Að allir væru í geðveikt góðu skapi og alltaf eitthvað um að vera, en svoleiðis var það svo sannarlega ekki...

Skólaárið byrjaði með frekar miklu stressi yfir að þurfa vera yngstur á stiginu. Við vorum frekar feimin fyrst og reyndum helst



að sleppa því að tala við eldri krakkana. Það var frekar mikið bull í okkur því þessir krakkar voru ekki að fara að gera okkur neitt. Félagslífið í unglingadeildinni er mjög mikið en samt ekki eins og í High School Musical. Mikil áhersla er lögð á að við séum ein heild og enginn skilinn útundan. Við erum eiginlega núna fyrst að fá tækifæri til að kynnast hinum krökkunum í unglingadeildinni t.d. eins og í Arnardal (félagsmiðstöðinni).

Helsta breytingin varðandi námið er sú að í 7. bekk fengum við alltaf vikuáætlanir og þurftum bara að klára þær og fengum umsagnir fyrir en engar einkunnir fyrir verkefnin, þ.e. tölur eða bókstafi. Hins vegar í 8.bekk fáum við

## 8. bekkur

lotur sem ná stundum yfir mánuð og fáum oftast bókstafaeinkunn fyrir loturnar. Þess vegna þurfum við að skipuleggja okkur betur því við fáum lotur í öllum námsgreinum og jafnvel á sama tíma. Það getur komið fyrir að maður leggi of mikla áherslu á eina lotu og gleymi annarri og þá er mikilvægt að vera skipulagður. Fleiri próf eru í gangi og skiptir þá mjög miklu máli að taka ábyrgð á náminu og hafa rétta hugafarið við námið því það getur skipt máli fyrir framtíðina.

Það var mikil tilbreyting að fá nýja kennara sem að hafa aldrei kennt þér og vita ekki hvernig námsmaður þú ert og þá hefur þú það tækifæri að sýna nýju kennurunum þína bestu hlið.

Í 7. bekk voru margir skólaliðar sem voru alltaf að skipta sér af manni og reka mann út í frímínútum (mjög pirrandi) en í rauninni skilur maður alveg ástæðuna, þær voru bara að vinna vinnuna sína því við áttum auðvitað að fara út. Núna þegar við erum komin í unglingadeildina höfum við val um hvort við viljum fara út eða ekki.



Þegar við komum í unglingadeildina var mikil breyting á vali/list og verkgreinum, miklu fleiri valmöguleikar hvað þú vilt gera og langflestir finna sér eitthvað við sitt hæfi.

Þetta skólaár er búið að vera mjög skemmtilegt og fjölbreytt. Við erum mjög spennt að koma aftur í skólann eftir sumarfrí og byrja þá í 9. bekk.

*F.h. 8. bekkjar,*
*Sigrún, Krissý, Ásdís og Védís.*



PÚLSINN

# Námskynning í Reykjavík

Dagana 16. – 18. mars 2017 var haldið Íslandsmót iðn- og verkgreina í Laugardalshöllinni. Framhaldsskólarnir kynntu fyrir nemendum í 9. og 10. bekk námsframboð sitt, bæði verklegt og bóklegt. Þar voru bæði nemendur og kennarar að kynna skóla sína, fjölbreytt námsframboð og svöruðu spurningum nemenda um inntökuskilyrði.

Samhliða námskynningunni fengu nemendur tækifæri til að fylgjast með.

## 9. bekkur

Íslandsmóti iðn- og verkgreina sem er viðburður sem haldinn er reglulega og stendur keppnin yfir í þrjá daga. Keppendur tókust á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reyndi á hæfni, fagmennsku og skipulagshæfileika. Dómarar fóru yfir verkefnin að keppni lokinni, mátu gæðin og völdu þá sem sköruðu fram úr í hverri grein.

Tilgangur keppninnar er meðal annars að kynna og vekja áhuga grunnskólanema á iðn- og verknámi og þeim fjölmörgu tækifærum sem nám í greinunum hefur upp á að bjóða.

Nemendur fengu þarna tækifæri til að prófa ýmislegt tengt verkgreinum ásamt því að geta fengið fléttur í hárið eða förðun.

Var þetta hin skemmtilegasta ferð og vonandi sýndi hún nemendum fram á að það er ýmislegt annað í boði en hefðbundið bóknám.










# Kveðja frá árgangi 2001

Nú er skólagöngu okkar í Grundaskóla að ljúka og hefst þá nýr kafli í lífi okkar. Leiðir skilja og heldur hver og einn í sína átt. Flestir fara í framhaldsnám, en aðrir á vinnumarkaðinn.

Hver man ekki eftir spennunni fyrir fyrsta skóladeginum. Dagurinn sem maður var búinn að bíða eftir allt sumarið var loksins runninn upp. Á móti okkur tóku þrír kátir kennarar, þær Eygló Karlsdóttir, Ásta Egilsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir og Hrafnhildur Hannibalsdóttir (Habba) sem vann sem stuðningsfulltrúi og fylgdu þær okkur næstu þrjú árin.

Í öðrum bekk urðum við öll kvikmyndastjörnur eftir að hafa leikið í myndinni „Varstu til í gamla daga“ og er eftirminnilegasta atriðið auðvitað þegar Gísli fór í klippingu til Pawels. Í öðrum bekk gerðum við einnig „Stóru bókina“ sem var full af skemmtilegum verkefnum um mannslíkamann og úrklippum eftir okkur sjálf. Við lærðum um öll helstu húsdýr Íslands og stuttu eftir það fórum við í ferð á Bjarteyjarsand og þar fengum við að sjá öll þau dýr sem við vorum búin að læra um.

Í þriðja bekk kom Laufey í stað Eyglóar og í fjórða bekk tók Árný við af Laufeyju. Í fjórða bekk tók við undirbúningur fyrir fyrstu samræmdu prófin. Eftir þau lærðum við mikið um Alþingi og í lok annarinnar fórum við þangað í heimsókn.

Í fjórða bekk byrjuðum við að spila hina víðfrægu fótboltaleiki á milli bekkja, sem kallaðir voru bekkjarleikir, en þeir enduðu sjaldan með sáttum. Bekkurinn hennar Árnýjar spilaði gegn sameinuðum bekkjum Ástu og Gunnhildar.

Í fimmta bekk tóku við keflinu þær Valdís Sigurvinsdóttir og Christel Björg Rúdolfsdóttir af Gunnhildi og Ástu. Við tókum þátt í ABC-hjálparstarfinu og fórum þrjú og þrjú saman með bauka og bros á vör og söfnuðum pening til styrktar fátækum börnum. Við lærðum um Snorra Sturluson og fórum þar af leiðandi í hina frægu Reykholtsferð.

Sjötti bekkur . . . byrjun gelgju-



tímabilsins, skrækar raddir og fleira, sem er liðin tíð, eða hvað? Notkun ódýrra ilmvatna og hárgels voru í hámarki á þessum tíma. Hrafnhildur Jónsdóttir og Berglind Þráinsdóttir tóku við af Árnýju og Valdísi. Sjaldan hafa kennarar þurft að eiga við jafn mikið ,,drama" innan árgangsins sem virtist alltaf stafa af bekkjarleikjum. Um tíma voru þeir bannaðir með öllu.

Í sjöunda bekk voru sömu kennarar en Guðný bættist í hópinn sem stuðningsfulltrúi. Þennan vetur var farið í Reykjaskóla og dvölin þar varði í fimm daga. Stuttu ástarsamböndin og hárgreiðslukeppnin eru með eftirminnilegustu minningunum. Mikael Hrafn bar að sjálfsögðu sigur úr býtum í hárgreiðslukeppninni.

Þetta ár fengum við Danina í heimsókn og var sú heimsókn mjög vel heppnuð. Upplestrarkeppnin var haldin eins og vanalega og sigurvegari keppninnar fyrir okkar hönd var Róberta Lilja. Við settum upp jólasveinaleikritið og þar tóku margir sín fyrstu skref í leiklist. Eftir áramót byrjuðum við að vinna að bókinni „Óskaveröldin mín" þar sem áhugamál, vinir og fjölskylda komu við sögu.

Í áttunda bekk tóku Maja Stína og Valli við af Hrafnhildi og Christel. Hin heilaga þrenning var nú fullmótuð og fylgdi hún okkur út skólagönguna. Söngleikurinn Úlfur úlfur var settur á svið og heppnaðist með prýði. Í Skálholtsferðina fórum við sem tilvonandi fermingarbörn til undirbúnings fyrir fermingardaginn.

Níundi bekkur var frekar rólegur miðað við fyrri ár. Árgangurinn las saman „Strákurinn í röndóttu náttfötunum" og unnið var í hópum upp úr bókinni. Við tókum einnig þátt í skólahreysti eins og venjulega og komumst áfram í úrslit í Laugardalshöllinni.

Síðasta skólaárið okkar hefur verið mjög viðburðaríkt, skemmtilegt og krefjandi. Samræmdu prófin voru á vorönn í stað haustannar vegna breytinga hjá Menntamálastofnun og var þeim breytt úr skriflegum yfir í rafræn próf. Undirbúningur hófst því seinna en vanalega. Kennarar vildu þétta hópinn betur og var því farið í ferð í Skorradal og gistum við eina nótt í Skátaskálanum. Sú ferð heppnaðist einstaklega vel.



Engin jólapróf voru sett fyrir og féll það vel í kramið hjá árgangnum. Eftir jól ákváðu kennararnir að hafa símalausar vikur fyrir alla . . . nema þá sjálfa (enda gilda aðrar reglur um kennara en nemendur;).

Fyrri hluti maímánaðar var einn mest krefjandi mánuður í skólagöngu okkar, undirbúningur fyrir lokapróf stóð sem hæst. Eftir lokaprófin fórum við í lokaferð til Þórsmerkur og gistum þar tvær nætur. Þessi ferð stendur upp úr sem skemmtilegasta ferðin á okkar skólagöngu. Maja sagði draugasögu sem hræddi líftóruna úr mörgum nemendum. Á heimleiðinni fórum við í ,,River Rafting" sem var himnaríki fyrir spennufíkla. Ferðin gekk í heild sinni ótrúlega vel og allir voru ánægðir.

Við viljum þakka þeim sem hafa komið að okkar skólagöngu í öll þessi ár og mótað okkur sem einstaklinga. Öll aðstoðin og stuðningurinn sem við höfum fengið er ómetanlegur. Við óskum nemendum og tilvonandi nemendum skólans alls hins besta og velgengni í námi. Þessi tíu ár hafa ekki bara snúist um það að læra upp úr námsbókum, heldur svo miklu meira. Hér með lýkur okkar skólagöngu í Grundaskóla.

Takk fyrir okkur.

*Fyrir hönd 10. bekkjar:*
*Heiður, Birgitta og Steindór.*

# Grundaskóli 1981-2016

***Árið er 1981 - 1986***

- Grundaskóli var stofnaður 6. október 1981 og var Guðbjartur Hannesson fyrsti skólastjóri skólans.
- Skólinn átti að heita Garðaskóli en þar sem annar skóli hét því nafni var ákveðið að nefna hann Grundaskóla eftir hverfinu sem hann var í.
- Fyrsta byggingingin var C -álman þar sem yngsta stigið er í dag.
- Nemendur voru 160 og starfsmennirnir sjö, bekkjardeildirnar voru sjö og árgangarnir þrír, 2., 3. og 4. bekkur. Þetta voru árgangarnir 1972, 1973 og 1974.
- Skólinn var tvísetinn árið 1984 og voru 7 árgangar - 2 bekkir í hverjum árgangi.
- Lengi vel var verslun á skólalóðinni sem hét Grundaval.
- Árið er 1985 var 1. byggingaáfanga að mestu lokið. Það var mikið lán fyrir skólastarfið að góð aðstaða var í þessari byggingu fyrir hinar ýmsu greinar, t.d. smíði, hannyrði, myndmennt, heimilisfræði og voru mennt-aðir kennarar í öllum þessum greinum.
- Ólína Jónsdóttir var aðstoðarskólastjóri árið 1986.



***Árið er 1987 - 1992***

- Árið 1988 var unglingadeildin tekin í notkun og íþrótta- og sundkennsla hófst á Jaðarsbökkum.
- Nemendaráðið tók til starfa og var félagslífið í blóma þar sem m.a. var boðið upp á opið hús og böll í Gryfjunni.
- Árgangur 1972 var fyrsti árgangur sem útskrifaðist úr skólanum.

***Árið er 1993 – 1998***

- Sjávarútvegsþema í 9. bekk var haldið í fyrsta skipti.
- Samstarf leikskóla og grunnskóla hófst árið 1994 og bar það yfirskriftina ,,Brúum bilið'' sem fól í sér að kynna leikskólabörnum skólastarfið og undirbúa þá fyrir skólagönguna.
- Skólinn stækkaði og millibygging var gerð á milli skólans og unglingadeildarinnar. Þá bættist við bókasafn, salur og stjórnunarálma með kennarastofu og vinnuaðstöðu fyrir kennara.
- Hrönn Ríkharðsdóttir verður aðstoðarskólastjóri árið 1997.
- Tengibygging var byggð sem tengdi saman unglingastigið, salinn og eldhúsið.

***Árið er 1999– 2004***

- Miðstigsbyggingin og tölvustofan teknar í notkun.
- Nokkrir nemendur af hópi vaskra drengja undir stjórn Elís Þórs smíðakennara færðu skólanum ræðupúlt með merki skólans
- Fyrstu þjóðhöfðingjarnir komu í heimsókn í skólann. Það voru þeir Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Lennart Meri forseti Eistlands.
- Á 20 ára afmæli skólans voru nemendur 455 í 25 bekkjardeildum
- Árið 2003 varð skólinn einsetinn og mötuneyti tekið í notkun. Sigríður Selma Sigurðardóttir var fyrsti matráður þess.





- Frelsi, fyrsti frumsamdi söngleikurinn í Grundaskóla var settur upp.

***Árið er 2005- 2010***

- Árið 2005 vann Grundaskóli Íslensku menntaverðlaunin.
- Söngleikurinn Hunangsflugur og villikettir var sýndur.
- Árið 2007 hætti Guðbjartur Hannesson sem skólastjóri eftir 25 ára starfsferil og var Hrönn Ríkharðsdóttir ráðinn skólastjóri og Sigurðar Arnar Sigurðsson var ráðinn aðstoðarskólastjóri.
- Söngleikurinn Draumaleit var unnin í samstarfi við Tyrkland, Ítalíu og Svíðþjóð.
- Ávaxtakarfan var sett upp á yngsta stigi.
- Lið Grundaskóla var Vesturlandsmeistari í Skólahreysti.
- Gunnar Þór færði Grundaskóla eggjasafnið sitt sem hann hafði safnað frá árunum 1974-1980.



- Skólinn varð móðurskóli í umferðarfræðslu. Umferðarskilti voru sett upp í kringum skólann og leikritið Umferðarland sýnt.

***Árið er 2011 - 2016***

- Árið 2012 hlaut söngleikjaverkefni skólans, Foreldraverðlaun Heimilis og skóla og Grundaskóli hlaut nafnbótina stofnun ársins.
- Söngleikurinn Nornaveiðar var settur upp.
- Grundaskóli varð heilsueflandi skóli.
- Tvær nýjar og vel útbúnar heimilisfræðistofur voru teknar í notkun.
- Einar, Flosi og Gunnar Sturla settu upp söngleikinn Úlfur, Úlfur árið 2015 sem var þeirra 5 söngleikur.
- Hrönn Ríkharðsdóttir hætti sem skólastjóri árið 2016 og Sigurður Arnar Sigurðsson var ráðinn skólastjóri og Flosi Einarsson var ráðinn aðstoðar skólastjóri.
- 2010 árgangurinn hóf skólagöngu sína og er það stærsti árgangur sem byrjað hefur í skólanum frá upphafi og skiptist hann á fjóra bekki
- Nemendur skólans orðnir 619, starfsmenn 110 og byggja þurfti nýjar kennslustofur á lóð skólans.

## *Spurt og svarað*



*Nafn:*
Emil Karl Jóhannesson
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*
Fótboltamaður
*Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?*
Frímínútur
*Hvað eru margir nemendur í Grundaskóla?*
150
*Hvað heitir skólastjóri Grundaskóla?*
Siggi



*Nafn:*
Ásdís Hekla Kristjánsdóttir
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*
Tannlæknir
*Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?*
Læra
*Hvað eru margir nemendur í Grundaskóla?*
500
*Hvað heitir skólastjóri Grundaskóla?*
Sigurður

# Boltonferð

Í febrúar hélt starfsfólk unglingadeildar Grundaskóla ásamt skólastjóra í ógleymanlega námsferð til Bolton þar sem skólinn Essa Academy var heimsóttur. Skólinn er rómaður um allan heim fyrir árangursríka nálgun sína á kennslu með ipödum sem og þeirri hugmyndafræði sem notuð er.

Saga skólans er mjög áhugaverð en fyrir nokkrum árum var skólinn kominn að því að loka. Fjárhagsstaða skólans var mjög slæm og námsárangur og áhugi nemenda mjög slakur. Stjórnendur og starfsfólk snéru vörn í sókn og gjörbreyttu kennslufræði sinni með tæknina að vopni. Húsnæðið var einnig endurnýjað til að styðja við breyttar áherslur í skólastarfinu. Það, má segja að þessi viðsnúningur hafi bjargað skólanum sem nú í dag er mjög eftirsóknarverður. Í skólanum eru nemendur frá mörgum löndum og eru þar töluð 46 tungumál.

Þessi nálgun heillaði okkur starfsfólkið og fengum við góða fræðslu frá manni að nafni Adul Chohan en hann er einn af upphafsmönnum þeirra kennsluaðferða og hugmyndafræði sem notast er við í skólanum. Hann tók á móti okkur, hélt fyrirlestur í upphafi hvors dags fyrir sig ásamt því að leyfa nemendum sínum að spjalla við okkur. Okkur var síðan skipt í nokkra hópa þar sem hver hópur fylgdi ákveðnum kennara í kennslustundir.

Í heimsókninni hrifumst við af framúrstefnulegu skólahúsnæðinu en mikið er um svo kölluð opin kennslurými. Í sumum kennslustofum er fleiri en einum hópi kennt í einu, mismunandi efni. Mikið er lagt upp úr því að nemendur beri ábyrgð á eigin námi sem og notkun tækninnar á breiðu sviði. Allir nemendur skólans fá ipad sem þeir hafa meðferðis í allar kennslustundir.



Starfsfólk skólans er mjög duglegt að finna leiðir til að nota ipadana hvort sem það var í tölvutíma, íþróttatíma eða heimilisfræði.

Það má með sanni segja að námsferðin hafi verið áhugaverð og mjög gagnleg fyrir okkur þar sem við í Grundaskóla erum að fóta okkur við að nota ipada og tæki í skólastarfinu.

Myndirnar tala sínu máli.










# Heimsókn til Malaví




Eins og flestir vita þá hefur Grundaskóli stutt hjálparstarf Rauða krossins í Malaví í rúman áratug. Við höfum lagt áherslu á að aðstoða börn og styðja við skólastarf í þessu fátækasta ríki veraldar. Á dögunum var Borghildur Jósúadóttir, kennari skólans og Sveinn Kristinsson, fv. kennari í Grundaskóla og núverandi formaður RKÍ á ferð í Malaví. Þau fóru í heimsókn á svæðið sem við höfum stutt í gegnum árin og færðu skólafólki og hjálparstarfsmönnum kveðju okkar.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Borghildi afhenda smá gjöf frá Grundaskóla. Meðal annars blýanta, yddara, strokleður, skæri, skólablöð, mandöluverkefni frá nemendum, myndir úr Grundaskóla og frá Malavímarkaðnum o.fl. Þetta er einn fátækasti skólinn á svæðinu og skólastjórinn er 29 ára eldhugi og nemendur um 1.000. Stuðningur Grundaskóla og RKÍ er lífæð þessa fólks til sjálfsbjargar og sönnun þess að við höfum breytt krónum í gull í áraraðir.







# Pangea

## Stærðfræðikeppni fyrir 8. og 9. bekk



Pangea er einstaklingskeppni í stærðfræði fyrir nemendur í 8. og 9. bekk og var nú haldin á Íslandi í annað skipti. Keppnin skiptist í þrennt og tvær fyrstu umferðirnar fóru fram í grunnskólunum sjálfum. Um það bil helmingur þátttakenda komst áfram í 2. umferð og loks komust þeir efstu úr hvorum árgangi áfram í úrslit sem fóru fram í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Þar mættu nemendur ásamt aðstandendum. Boðið var upp á veitingar og skemmtiatriði á meðan beðið var eftir úrslitunum. Að þessu sinni skráði Grundaskóli alla nemendur í 8. og 9. bekk í keppnina. Eftirtaldir fjórir nemendur úr 8. bekk komust í lokaúrslitin og stóðu sig með prýði.

*Aron Helgi Halldórsson 8. GSH*
*Björn Viktor Viktorsson 8. URÁ*
*Helgi Rafn Bergþórsson 8. URÁ*
*Katrín Lea Daðadóttir 8. URÁ*

# Stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi

Í ár var það í 19. sinn sem Fjölbrautaskóli Vesturlands bauð nemendum í efstu bekkjum grunnskólanna á Vesturlandi að taka þátt í stærðfræðikeppninni. Prófin voru samin af Garðari Norðdahl stærðfræðikennara og nemendur úr FVA sátu yfir í keppninni og hjálpuðu á annan hátt við framkvæmdina.

Nemendur Grundaskóla hafa verið duglegir að taka þátt og það sama var í ár. Að þessu sinni átti Grundaskóli 6 nemendur í 10. efstu sætum keppninnar og þar af 3 í verðlaunasætum.

Á meðfylgjandi mynd eru þeir nemendur sem komust í 10 efstu sætin.

*Sólrún Lilja Finnbogadóttir 8. GSH*
*Helgi Rafn Bergþórsson 8. URÁ*
*Björn Viktor Viktorsson 8. URÁ*
*Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsd. 10. MKÓ*
*Ragnheiður H. Sigurgeirsd. 9. HDG*
*Arnar Már Kárason 9. HDG*

Helgi Rafn hafnaði í 2. sæti og Björn í 2. sæti í sínum aldursflokki og Ragnheiður í 3. sæti í sínum aldursflokki.



# Umbreyting

## – Eitthvað verður annað –





Í fjórða skipti vorum við saman kennarar og nemendur að vinna að listsköpun með Helenu Guttormsdóttur sem leiðbeinanda. Að þessu sinni unnum við með endurnýtingu, endurhönnun og endursköpun.  Í því fólst að taka eitthvað gamalt eða nýtt og umbreyta því. Ofgnótt og neysluhyggja einkenna samtímann. Það leynast tækifæri í hlutum  sem voru  verðmæti en eru núna lítils virði. Viðfangsefni hópsins var að finna þessi tækifæri og umbreyta hlutum.







Stór hluti efniviðarins var gamalt dót úr Grundaskóla sem átti að farga. Heiti verkefnisins var UMBREYTING – Eitthvað verður annað. Við höfðum hugsað okkur að nýta sem mest verðlaust efni, sem gat verið textíll, plast, viður, pappír, bækur eða annað sem til féll. Við vildum einnig hafa möguleika á að taka eitthvað nýtt og umbreyta því.

Verkefnið endaði að venju með sýningu á Vökudögum og að þessu sinni vorum við í gamla matsalnum í Sementsverksmiðjunni.

Að loknu verkefninu finnst okkur vel hafa tekist til og um 300 manns komu á sýninguna. Aldrei hafa verið fleiri  við opnunina og umtal í bænum mjög jákvætt. Það kom líka fram í viðtali við þrjá nemendur í Skessuhorni hversu mikilvægt verkefnið var fyrir áhuga þeirra á listsköpun.





***Þátttakendur voru:***

*Kennarar:* Borghildur Jósúadóttir, Bryndís Siemsen, Eygló Gunnarsdóttir og Steinunn Guðmundsdóttir.

*Nemendur:* Aldís Mjöll Hlynsdóttir, Ásrún Heimisdóttir, Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Logi Breiðfjörð, Ronja Rut Ragney Hjartardóttir, Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir og Thelma Rut Bjarnadóttir.



# Dagur í lífi heimilisfræðikennara

**Nafn:** Halldóra Andrea Árnadóttir.
**Starfsheiti:** Grunnskólakennari – Heimilisfræðikennari.
**Hvað felst í þínu starfi:** Fyrst og fremst að kenna börnum heimilisfræði og í því felst að kenna þeim hreinlæti, að elda og baka og að umgangast helstu tæki og tól í eldhúsi. Umhverfismennt og næringarfræði eru einnig hluti af heimilisfræðikennslu.
**Hvað er það besta við starfið þitt?** Ótrúlega fjölbreytt og engir dagar eru eins og frábærir starfsfélagar í kjallaranum.
**Áhugamál:** Hreyfing af ýmsu tagi eins og Bootcamp, ganga á fjallið, golf og fleira. Einnig er ég dugleg að horfa á börnin mín spila fótbolta, mér finnst líka gaman að hitta fjölskyldu og vini.
**Dagurinn:** Fimmtudagurinn 4. maí 2017.
**Klukkan hvað vaknaðir þú og hvað var það fyrsta sem þú gerðir:** Vaknaði kl 05:40, slökkti á klukkunni og fór á bootcampæfingu.



**Hvað borðaðir þú í morgunmat:** Steikt hrærð egg, djúsglas og vítamín.
**Hvenær fórstu til vinnu og hvernig:** Ég fór í vinnuna kl 08 á hjóli. Fyrstu verk í vinnunni: Fékk mér morgunkaffibollann og tók púlsinn á vinnufélögunum, gekk frá vörunum úr Einarsbúð og undibjó mig fyrir fyrsta tíma dagsins en það var sænska.
**Hvað varstu að gera klukkan 10:00:** Þá var ég með hóp af nemendum úr 2. bekk og við vorum að búa til sparikúlur.
**Hvað varstu að gera klukkan 14:00:** Var með hóp af nemendum í unglingavali úr 8. og 9. bekk og við vorum að halda þriggja rétta matarboð á námskeiði sem við köllum *Boðið til veislu*.
**Hvenær hættir þú og hvað er það síðasta sem þú gerðir í vinnunni:** Gekk frá stofunni og gerði tilbúið fyrir næsta dag. Ég fór heim á hjólinu kl. 16.
**Hvað gerðir þú eftir vinnu:** Ég tók sumarhúsgögnin út úr geymslunni og settist á pallinn í bongóblíðu og slakaði á í smá stund. Setti svo í þvottavél.
**Hvað var í kvöldmatinn og hver eldaði:** Ofnbökuð bleikja með tilheyrandi sem ég og Heimir maðurinn minn hjálpuðumst að við að gera.
**Hvernig var kvöldið:** Ég braut saman og gekk frá þvotti og horfði á handboltalandsleik í sjónvarpinu.
**Hvenær fórstu að sofa:** Ég fór óvenju seint að sofa eða um kl. 22:30.

## Ljósin hans Gutta



*Ljósin hans Gutta er samfélagsverkefni sem Hollvinir Grundaskóla, skólafólk á Akranesi og fleiri aðilar standa að í minningu um Guðbjart Hannesson, fyrrverandi skólastjóra Grundaskóla, bæjarfulltrúa, alþingismann og ráðherra.*

*Guðbjartur Hannesson eða Gutti eins og hann var ávallt kallaður fæddist á Akranesi 3. júní 1950 en lést 23. október 2015.*

*Ljósin hans Gutta vísa til ljósa sem munu lifa í Garðalundi á aðventunni. Ljósunum er ætlað að gleðja bæjarbúa en í störfum sínum lagði Gutti mikla áherslu á að menn hefðu bjartsýni og framfarir að leiðarljósi í öllum verkum. Sem skólastjóri studdi hann dyggilega við verk- og listgreinastarf og munu ljósin hans Gutta lýsa okkur áfram veginn á því sviði.*

*Ljósin hans Gutta vísa einnig til skólaverkefnis þar sem grunnskólarnir á Akranesi og tónlistaskólinn munu í sameiningu standa að leiklistarverkefni í Garðalundi þar sem ungt og hæfileikaríkt fólk mun leika og spila á hljóðfæri fyrir bæjarbúa. Markmiðið er að gera árlegan listgjörning þar sem fjölskyldur koma og skemmta sér saman í Garðalundi. Leitin að jólasveininum árið 2016 er fyrsta skrefið í verkefni sem mun vonandi vaxa á næstu árum.*

*Ljósin hans Gutta er verkefni sem er ætlað að auka samstarf skólastofnana á Akranesi, verkefni sem er ætlað að auka samkennd og gleði í samfélaginu á Akranesi, verkefni sem er ætlað að hafa börn og barnamenningu í forgrunni.*

*Síðast en ekki síst er verkefninu ætlað að halda minningu Guðbjarts Hannessonar á lofti og störfum hans og sýn fyrir æsku Akraness og bæjarfélag.*

# Dýrin í Hálsaskógi

Allur skólinn um 700 nemendur og starfsmenn tóku þátt í stóru þemaverkefni dagana 17.-20. janúar. Þemað var ,,Dýrin í Hálsaskógi og unnu ungir sem aldnir saman þvert á aldursstig og ræddu hvaða reglur ættu að gilda í skóginum (skólanum) í anda uppeldisstefnu okkar Uppeldis til ábyrgðar.

Lögð var áhersla á skapandi vinnubrögð og góð samskipti. Þemanu lauk með risastórri hátíð þar sem öllum var boðið í afmæli Mikka refs og allir lögðust á eitt að gleðja Mikka.















# Ungir-Gamlir 2016

Ungir-Gamlir tónleikarnir fóru fram þriðjudaginn 1. nóvember í Bíóhöllinni á Akranesi. Tónleikar þessir eru fyrir löngu orðinn fastur liður í menningarlífi Skagamanna og aðsókn jafnan góð og engin breyting var á því þetta skólaárið. Eins og margir vita gengur hugmyndin um Unga-Gamla út á það að gefa nemendum okkar tækifæri til að vinna með þekktum og reyndum tónlistarmönnum að því markmiði að setja upp skemmtilega tónleika þar sem metnaðurinn er settur í botn á öllum sviðum.





Að þessu sinni vorum við svo lánsöm að fá Gretu Salóme, fiðluleikara og söngvara, til að starfa með okkur og taka þátt í tónleikunum. Hún miðlaði af reynslu sinni og tók þátt í fjölmörgum tónlistaratriðum á tónleikunum, ýmist sem fiðluleikari, aðalsöngvari eða bakrödd.

Eins og undanfarin ár, stigu fjölmargir bráðefnilegir tónlistarmenn úr unglingadeildum grunnskólanna á svið og eiga þeir örugglega eftir að láta til sín taka á tónlistarsviðinu í framtíðinni.



# Heimanámskeið í lestri

Í hverjum árgangi eru að jafnaði nemendur sem taka hægum framförum í lesfimi/ lestrarhraða og eru jafnvel árum saman undir viðmiðum aldurshóps um æskilegan hraða.

Í haust fóru undirritaðar á lestrarnámskeið hjá Kristínu Arnardóttur, sérkennara. Námskeiðið fjallaði um aðferð sem foreldrar geta nýtt til að styðja við lestrarnám barnsins. Þeir fá í hendurnar markvissar æfingar s.s. orðalista, orðakeðjur og ábendingar um lestrarbækur við hæfi.

Í upphafi fá foreldrar skriflegt boðsbréf um að taka þátt í fjögurra vikna námskeiði með barni sínu. Þeir skuldbinda sig til að sækja fræðslufund í skólanum og að halda utan um daglega heimavinnu og umbunarkerfi.

Fræðslufundurinn er stuttur og hnitmiðaður, námsgögn eru afhent og foreldrum kennt að nota þau og skrá árangur.

Nemendur hitta sérkennara tvisvar í viku og fá ný verkefni vikulega. Staðan á lestrarhraða nemenda er tekin fyrir og eftir námskeið. Foreldrar hafa í flestum tilvikum tekið þessu tilboði fagnandi, mætt á fræðslufund í skólann, lært æfingarnar og haldið vel utan um heimaverkefnin.

Svona námskeið þarf ekki síst að vera aðgengilegt og skemmtilegt fyrir nemendur. Námskeiðinu fylgir einfalt en afar skilvirkt umbunarkerfi sem heldur nemendum vel við efnið á meðan á námskeiðinu stendur. Foreldrum er ráðlagt að nota orðaforða úr heimi íþróttanna og hvetja nemendur til að auka stöðugt við hraða sinn. Ef vel tekst til skapast stemning eins og þegar æft er fyrir íþróttakeppni.

*Kveðja,*
*Ingibjörg Eggertsdóttir*
*og Sigurveig Kristjánsdóttir,*
*sérkennarar*

**Orðalisti 5**

Stutt orð

[illegible]

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sól | ból | ról | hól | jól |
| **Hús** | **mús** | **lús** | **fús** | **dús** |
| Hæl | væl | tæl | sæl | ræl |
| **Röð** | **böð** | **vöð** | **röð** | **löð** |
| Læs | næs | gæs | ræs | hæs |
| **Lás** | **más** | **hás** | **rás** | **bás** |
| Hún | rún | dún | tún | mún |
| **Hér** | **þér** | **vér** | **sér** | **þér** |
| Þær | bær | kær | lær | vær |
| **Hús** | **mús** | **lús** | **fús** | **dús** |
| sól | ról | mól | lól | fól |
| **fór** | **kór** | **jór** | **vór** | **fór** |





# Skóli án aðgreiningar fyrir börn og fullorðna

## Starfseflingarverkefni í Grundaskóla

Menntastefnan „skóli án aðgreiningar" var innleidd í grunnskólaskóla landsins fyrir allnokkrum árum. Stefnunni hefur verið fylgt eftir innan stjórnkerfis menntamála og hafa ýmis sérúrræði, svo sem sérskólar af ýmsu tagi, víðast hvar verið lögð niður. Almennir grunnskólar eru með mun breiðari hóp nemenda en áður var og einn af þeim skólum er Grundaskóli. Það sem felst í skóla án aðgreiningar er að veita nemendum jöfn tækifæri til náms. Hugmyndafræðin snýst um að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám við sitt hæfi og eiga tækifærin að vera jöfn, óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Í aðalnámsskrá grunnskóla kemur fram að þess eigi að vera gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna.

Þau séu óháð því hvort um drengi eða stúlkur er að ræða, hvar nemandinn býr, hverrar stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun.

Í Grundaskóla hefur verið starfað eftir stefnunni til margra ára. Nú hefur stefnan verið útvíkkuð enn frekar í skólanum sem er nú einnig orðinn vinnustaður án aðgreiningar. „Gamla módelið var þannig að grunnskólarnir hérna á Akranesi voru með sameiginlega sérdeild í Brekkubæjarskóla. Í dag er sú deild smátt og smátt að hverfa í því formi sem hún var í og er nú meira stoðdeild en sérdeild. Börnin eru komin í bekk með sínum jafnöldrum. En skóli án aðgreiningar er ekki einsdæmi hér í Grundaskóla, þetta er menntastefna á öllu landinu.

Það sem er sérstakt hér er að við útvíkkuðum þetta þannig að það á við um fullorðna líka," segir Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla. Stjórn skólans býður nú upp á sérstakt starfseflingarverkefni í samstarfi við Vinnumálastofnun og aðrar stofnanir sem sinna fólki sem hefur skerta starfshæfni eða hefur fallið út af vinnumarkaði af einhverjum orsökum. „Fagmenn hjá þessum stofnunum verða í samstarfi við skólann um nákvæmari útfærslu verkefnisins. En stefnan „skóli án aðgreiningar" er menntastefna í virku ferli í Grundaskóla, jafnt fyrir börn sem og fullorðna," bætir hann við.

### *Gefa fólki tækifæri*

Grundaskóli er stór og öflugur vinnustaður sem hefur það markmið að vera jákvætt hreyfiafl í samfélaginu á Akranesi. Að sögn Sigurðar Arnars hefur skólinn öll starfsmannamál í stefnustýrðu ferli og leggur áherslu á virka starfsþróun. „Fjölmargar stéttir úr ólíkum stéttarfélögum starfa í skólanum og því má segja að vinnustaðurinn sé einskonar þverskurður af samfélaginu. Grundskóli er eftirsóttur vinnustaður og fjöldi umsókna berst um hvert auglýst starf. Síðustu ár hefur skólinn haft það að markmiði að gefa einstaklingum, sem hafa verið um langan tíma atvinnulausir, tækifæri til að koma til starfa. Fjölmargir hafa á þann hátt komist á ný út á vinnumarkaðinn. Í umsögn þessara aðila er það nefnt að það hafi verið mjög hvetjandi að fá atvinnutilboð og að vera í Grundaskóla um tíma og það hafi styrkt þá í atvinnuleit. Sigurður Arnar segir markmiðið með nýja starfseflingarverkefninu vera að gefa fólki með skerta starfshæfni eða öðrum sem hafa verið frá vinnumarkaði um langan tíma, til dæmis vegna örorku, tækifæri til að koma í vinnu á fjölmennum vinnustað. „Að gefa fólki tækifæri til að kynnast öflugum skóla og fyrirmyndar vinnustað. Að gefa fólki tækifæri til að vera hluti af öflugri liðsheild þar sem hver og einn hefur hlutverk byggt á styrkleikum sínum og hæfni. Að Grundaskóli sé þverskurður þess samfélags sem við lifum í og að starfshópurinn



endurspegli mannlífið í bænum. Að skólinn sé öðrum stofnunum og fyrirtækjum til fyrirmyndar og eftirbreytni á þessum vettvangi." Hann segir að eitt af markmiðum skólans sé að vera hreyfiafl til góðs og að hvetja fólk áfram. „Það á að endurspeglast í starfsmannahópnum okkar. Við erum að reyna að brjóta múrana með því að opna vinnustaðinn fyrir alls konar fólk. Það má einnig segja að þarna komi inn fyrirmyndir, til dæmis fyrir þau börn sem eru með einhverja fötlun. Markmiðið með skóla án aðgreiningar er að taka á móti þér sem persónu, ekki sem fötluðum einstakling. Með þessu læra börnin líka að umgangast alla sem mannverur, óháð fötlun, kynhneigð, litarhætti og svo framvegis."



## *Sjö störf í boði*

Starfshugmyndirnar sem unnið er með í verkefninu eru fjölbreyttar. Eitt starfið felst í því að skera daglega niður ávexti fyrir ávaxtastund, á meðan annað felst í því að aðstoða á bókasafni skólans. Þá er einnig boðið upp á störf sem felast í því að aðstoða í matsal og að aðstoða nemendur við að efla lestrarhæfni sína. Að sögn Sigurðar eru alls sjö störf í boði í skólanum fyrir þá sem hafa skerta starfsgetu. „Þetta er tilraunaverkefni enn sem komið er, en við erum að framkvæma þetta og höfum ekki hug á því að hætta því. Plássin sem við höfum eru ætluð til að efla þennan hóp og koma hreyfingu á hann. Við hugsum þetta í fjögurra til átta vikna lotum en endurskoðum stöðuna á fjögurra vikna fresti. Sumir verða svo áfram hjá okkur í vetur á meðan aðrir eru á leið í önnur verkefni," útskýrir Sigurður. Hann segir mörg önnur lítil verkefni vera í kringum starfseflinguna, sem leiða til hvatningar fyrir viðkomandi. „Ætlunin er að spora brautir sem efla þessa einstaklinga að ýmsu leiti. Hver og einn hefur sérsniðna leið sem ætluð er til að styrkja hann." Laufey María Vilhelmsdóttir er í starfi við að skera niður ávexti ásamt Soffíu Ómarsdóttur. Boðið er upp á ávexti fyrir nemendur bæði á yngsta stigi skólans og á miðstigi. Alls eru 149 börn í ávaxtastund og sjá þær stöllur um að skera ávextina og fara með þá inn í bekkina. „Um klukkustund síðar sækjum við dallana. Það hefur verið mjög mikil ánægja með þetta bæði hjá börnum og foreldrum. Við erum samstilltar í þessu og Laufey er mjög dugleg, þannig að þetta gengur vel," segir Soffía. Viðveran í Grundaskóla brýtur upp daginn hjá Laufeyju, sem fer að loknum vinnudegi í Grundaskóla upp í Fjöliðju þar sem hún vinnur fram að hádegismat.

## *Tækifæri til eflingar*

Starfseflingarverkefnið í Grundaskóla er alveg nýtt af nálinni. Stjórn skólans var búin að undirbúa jarðveginn í eitt ár og byrjað var nú í haust að ráða starfsfólk með þessum hætti. „Við erum þarna búin að undirbúa og finna út hvernig við styðjum sem best við bakið á hverjum og einum þessara einstaklinga. Við erum ekki sérstaklega að hugsa um þennan hóp sem vinnuafl, heldur sem viðbótarafl og hæfileikaríkan liðsauka í okkar starfshópi. Við erum að hugsa um samfélagslegar skyldur og að veita einstaklingum tækifæri til að efla sig á vinnumarkaði. Það getur vel verið að einhverjir verði áfram hérna en plássin verða svo nýtt áfram fyrir aðra þegar fram líða stundir," segir Sigurður. Hann segir verkefnið ganga mjög vel enn sem komið er. „Þetta verður áframhaldandi verkefni en við erum að feta okkur áfram í þessum málum."

## *Mikilvægt að hafa hlutverk*

Gunnhildur Vilhjálmsdóttir kennaranemi er í starfsþjálfun í Grundaskóla. Hún segir starfseflingarverkefnið gríðarlega mikilvægt. Sjálf glímdi Gunnhildur við kvíða og áfallastreituröskun um árabil og var í endurhæfingu hjá Virk í eitt og hálft ár. Eftir það fór hún í vinnuprófun á leikskólann Vallarsel. „Ég áttaði mig á því þegar ég steig aftur inn á vinnumarkaðinn hvað það er mikilvægt að fara í fyrirtæki sem tekur vel á móti manni og horfir ekki á mann sem annars flokks. Ég kveið því virkilega að byrja aftur að vinna og átti von á því að litið yrði á mig sem annars flokks manneskju. Það var alls ekki raunin og það er gríðarlega mikilvægt að fá þetta tækifæri," segir Gunnhildur. Hún segir að það mikilvægasta í lífinu sé að vera í virkni. „Það er slæmt fyrir manneskju að gera ekki neitt og hafa ekki fast verkefni. Verkefnin þurfa ekkert að vera krefjandi, það er bara svo mikilvægt að hafa hlutverk í lífinu, hvert sem verkefnið er."

*Grþ/sas*

# *Myndir úr heimilisfræði veturinn 2016-2017*

Nokkrar myndir úr heimilisfræðinni, allir að læra eitthvað skemmtilegt.

Skerum, hrærum, bökum, lesum, sköfum, hnoðum, lærum um næringarefnin, svefninn, tennurnar, brytjum, tölum saman, hjálpumst að, þvoum, þurrkum, penslum, tínum rusl, flokkum til endurvinnslu, fletjum, fléttum, brettum, burstum skó, mælum, þvoum ullarplögg og margt fleira.

















# Stoðþjónusta Grundaskóla

Á þessu skólaári hafa verið gerðar allnokkrar breytingar á skipulagningu stoðþjónustu Grundaskóla. Markmið þessara skipulagsbreytinga er að auka gæði þeirra þjónustu sem skólinn býður upp á. Það felst meðal annars í að:

***a**. Tryggja að réttindi nemenda séu sem best virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*
***b.** Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
***c.** Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
***d.** Veita m.a. upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.*

Í upphafi þessa skólaárs var allir stoðþjónustu skólans skipt upp í einingar eða svokölluð stuðningsteymi. Alls eru stuðningsteymin fimm eða 1. bekkur, 2.-3. bekkur, 4.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og loks 9.-10. bekkur. Í hverju stuðningsteymi er einn faglegur leiðtogi eða fyrirliði sem heldur utanum starf teymisins og tryggir upplýsingastreymi til skóla stjórnenda og annara er koma að stoðþjónustunni sem heild. Í hverju teymi eru umsjónarkennarar bekkja, sérfræðingar stoðþjónustu á viðkomandi aldursstigi s.s. þroskaþjálfi, iðjuþjálfi, námsráðgjafi eða frístunda- og tómstundafræðingur. Þessi hópur fundar reglulega saman, metur beiðnir og árangur þeirra úrræða sem er beitt. Skólastjórn úthlutar kennslutímum og annarri þjónustu sem er í boði en hvert stuðningsteymi útfærir einstaklingsnámskrár og stuðningsúrræði fyrir sína skjólstæðinga í hverju til felli fyrir sig eins og fyrr segir.

Það sem einkum hefur breyst er að umsjónarkennarar eru virkari í skipulagningu stoðþjónustunnar og einstakir sérfræðingar hafa meiri áhrif á þróun úrræða í hverjum bekk. Þá er meira samstarf milli aðila og allar boðleiðir eru styttri. Áður fyrr var fyrirkomulagið þannig að nemendaverndarráð og sérkennarar úthlutuðu tímum á einstök börn en nú sjá aðilar er starfa mest með börnunum og forráðamönnum um útfærsluna.

Þó reynslutíminn af þessu breytta fyrirkomulagi sé stuttur er almenn ánægja með breytt skipulag. Von okkar er að þjónustn verði markvissari og gagnist nemendum betur en fyrra fyrirkomulag. Minni miðstýring og meiri snerpa í ákvarðanatöku sem er mikilvæg í þessari vinnu.



# Mystery Skype í 5. bekk

Mystery Skype er alþjóðlegur námsleikur þar sem tveir bekkir hittast í gegnum Skype. Markmið leiksins er að giska á staðsetningu hins bekkjarins í sem fæstum spurningum. Bekkurinn vinnur saman og hver nemandi hefur sitt hlutverk.

Þessi leikur hentar öllum aldurshópum og þjálfar meðal annars rökhugsun, landafræði og tjáningu. Sigurvegarinn er sá bekkur sem getur fyrr upp á staðsetningu hins bekkjarins (landi og/eða borg). Eftir það er hægt að spyrja almennra spurninga og vinsælt er að spyrja okkur Íslendinga um veðrið. Í gegnum þennan leik hefur fimmti bekkur verið í samskiptum við nemendur frá Kýpur, Ísrael, Egyptalandi og Svíþjóð.



# Léttskýjað hjá Grundaskóla

## - enda færði hann alla nemendur og starfsmenn skólans í skýjaþjónustu liðið haust

Þegar nemendur og starfsmenn Grundaskóla mættu til starfa síðast liðið haust tók á móti þeim breytt töluvumhverfi, nú voru allir komnir í Office365. Allir nemendur frá 5. bekk (10 ára og eldri) voru komnir með eigið netfang, einnig var breytt netfang hjá öllum starfsmönnum, starfsmennirnir voru með endinguna @grundaskoli.is en nemendurnir @grsk.is

Þetta var töluverð breyting frá því sem áður var, starfsmenn höfðu verið með netfang en nemendur ekki. Öll gögn nemenda og verkefni voru áður vistuð á sameiginlegum drifum í skólanum og voru ekki aðgengileg nema innan veggja skólans á skólatíma og svo framvegis. Nú er lítið um slíka geymslu og það litla sem eftir er mun hverfa. Innleiðing á kerfi eins og Office 365 tekur tíma og höfum við tekið nokkur örugg en ákveðin skref. Aðalbreytingin með þessu fyrir notendur er að nú geta allir nemendur og starfsmenn náð í öll gögn og tölvupóst úr hvaða nettengda tæki sem er og á þeim tíma sem það hentar sama hvar við erum stödd. Nemendur geta einnig skrifað póst t.d. á alla nemendur eða starfsmenn skólans þegar þeim hentar. Samhliða þessu er lítið um vistun á sameiginlegum gögnum í tölvum skólans því öll gögn eru komin í skýið. Enn einn stór kostur við þetta vinnuumhverfi er að nú fá allir sem eru tengdir í skýið hjá Grundaskóla, Office forritin til að setja í öll þau tæki sem verið er að nota við námið (s.s. síma, spjaldtölvu, borðtölvur, fartölvur og svo frv.). Þannig eiga allir, alltaf að vera með nýjustu forritin með nýjustu uppfærslum sem tryggir hnökralaus samskipti milli nem-enda og skóla.

Allt þetta leggur skólinn til án kostnaðar fyrir nemendur og starfsfólk. Veturinn hefur farið í að fóta okkur í þessu nýja umhverfi. Við erum sannfærð um að skýjalausnir eru nútíminn og okkur hefur gengið vel að ná þar fótfestu þrátt fyrir allt.

Helstu forritin sem notuð hafa verið í vetur er gömlu góðu Officeforritin eins og Word, Excel, PowerPoint og Outlook, auk þeirra má nefna Onenote og Onenote Class Notebook. Einnig hafa nemendur og kennarar nýtt sér Sway og Office Mix til að setja fram efni.

Það er trú okkar í Grundaskóla að með þessu sé skólinn að koma sér enn betur í fremstu röð í kennslu í upplýsinga- og tæknimennt og efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda okkar og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknilæsi snýr að því að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni. Einnig felur upplýsingalæsi í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt.



Samhliða þessari innleiðingu á Office 365 fór skólinn í miklar endurbætur á öllum búnaði skólans með þessa tæknivæðingu í huga. Ákveðið var að endurnýja allt í tölvustofunni, bæði til að takast á við þetta nýja námsumhverfi og ekki síður til að mæta þeirri þörf að hægt væri að skapa nemendum skólans þær bestu aðstæður sem í boði eru til að takast á við samræmd próf sem nú eru öll rafræn. Flestar borðtölvur í kennslustofum voru endurnýjaðar og nemendur fengu til afnota þær gömlu, verulega var bætt við spjaldtölvueign skólans og skjávarpar voru settir í allar kennslustofur sem er eitthvað sem lengi hafði verið beðið eftir. Þráðlausa net skólans var mikið endurbætt enda notendur netsins miklu fleiri en áður var og einnig krafa um aukinn hraða á netinu. Kennsluaðstaða okkar í Grundskóla er þannig að skólinn á að geta sótt fram með stórhuga hugmyndir bæði hjá nemendum og starfsmönnum á komandi árum, nú er bara okkar starfsmanna og nemenda að nýta þessa nýju tækni okkur sjálfum og nemendum okkar til góða. *Elís Þór*



# Skiptidagur

Það var svokallaður starfsskiptidagur hjá okkur í Grundaskóla. Starfsmenn drógu miða og sinntu því starfi sem kom upp. Aðstoðarskólastjórinn kenndi t.a.m. textílmennt, skólaritarinn varð skólaliði, kennarinn fór í ræstingar og matráðurinn í kennslu. Markmiðið var að hrista starfsmenn saman og gefa fólki tækifæri til að kynnast verkefnum samstarfsmanna í skólanum. Þetta var virkilega vel heppnaður dagur þar sem nemendur voru ekki síður spenntir en starfsmenn.













## Spurt og svarað



*Nafn:*
Naómí Líf Sölvadóttir
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*
Lögga
*Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?*
Læra
*Hvað eru margir nemendur í Grundaskóla?*
100
*Hvað heitir skólastjóri Grundaskóla?*
Veit ekki



Nafn:
*Pétur Geir Gíslason*
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*
Vinnumaður eins og pabbi hjá Skaganum eða fótboltamaður
*Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?*
Fara til Ástu, vera í I-pad og borða nestið mitt því það er svo gott
*Hvað eru margir nemendur í Grundaskóla?*
Tuttugu og hundrað
*Hvað heitir skólastjóri Grundaskóla?*
Siggi



# Myndir úr skólalífinu









# Skólahreysti

Strax um haustið var byrjað að kynna Skólahreysti fyrir nemendum Grundaskóla.

Allir ættu þó að vera nokkuð vel kunnir þessari keppni þar sem við erum búin að vera þátttakendur í henni síðustu ár. Áhuginn er oftast góður og nemendur tilbúnir að taka þátt. Það var 15 manna hópur sem byrjaði æfingar í október. Þegar komið var fram í desember voru einungis 6 nemendur sem gáfu kost á sér í liðið. Spennustigið fyrir keppnina er nokkuð hátt og kemur það fyrir að nemendur treysti sér ekki í átökin, vegna hræðslu um að gera mistök.

Vesturlandskeppnin fór fram 14. mars í íþróttahúsinu í Garðabæ. Við vorum með flott og öflugt lið sem var tilbúið að standa sig fyrir Grundaskóla. Liðið okkar var þannig skipað að í upphýfingum og dýfum var það Ægir Sölvi sem keppti, í armbeygjum og hreystigreip var það Daria og í hraðabraut voru það Ísak Örn og Natalia sem kepptu. Varamenn voru Oliver og Róberta.

Keppnin gekk nokkuð vel og vann Daria hreystigreipina með glæsilegum tíma. Aðrir gerðu sitt besta en það dugði þó ekki til að við kæmumst í úrslit. Það var lið úr grunnskóla Snæfellsbæjar sem fór með sigur þetta árið.

Það voru fjölmargir nemendur og kennarar sem fóru og studdu lið sitt áfram - vel gert. Við ætlum að sjálfsögðu að mæta enn sterkari til leiks í næstu keppni og markmiðið er að komast í úrslitakeppnina.

***Áfram Grundaskóli***



# Skólakór Grundaskóla

Tæplega 50 börn starfa með Skólakór Grundaskóla í vetur. Í yngri hóp eru nemendur úr 3. og 4. bekk og nú er einnig starfræktur framhaldshópur fyrir þá 5. bekkinga sem höfðu sungið áður með yngri hóp og langaði að halda áfram að syngja í kór. Það var að vanda nóg að gera hjá kórnum. 3. og 4. bekkur sungu á Fjölskyldusöngstund á Bókasafni Akraness á Vökudögum. Þá æfði eldri hópurinn dagskrá með draugasögum og drungalegum söngvum sem sýnd var í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu á Hrekkjavökunni. Eldri hópur söng við 70 ára afmæli ÍA og yngri hópur kom fram á Akratorgi þegar jólaljósin voru tendruð.





Skólakórinn tekur ávallt virkan þátt í tónlistarlífi Grundaskóla og koma nemendur fram á stórum samsöng, litlu jólunum, Árshátíð og við önnur tilefni. Þá er heimsókn á Höfða árlegur viðburður hjá yngri hópnum. Eldri hópurinn tók þátt í Landsmóti barnakóra í apríl þetta árið.



Stjórnandi kórsins er Valgerður Jónsdóttir.

# Upplestrarkeppnin

Upplestrarkeppni grunnskólanna á Akranesi fór fram í Tónbergi 22.mars. Sex nemendur í 7. bekk úr hvorum skóla kepptu um að vera besti upplesarinn. Dísa María Sigþórsdóttir var valin besti upplesari Brekkubæjarskóla og Brynhildur Helga Viðarsdóttir var valin besti upplesari Grundaskóla. Allir þátttakendur stóðu sig vel og voru sjálfum sér og öðrum til mikils sóma.



# Stíll 2017

Í vetur voru 32 nemendur úr 8.-10. bekk í hönnunarvali í textílmennt þar sem markmiðið var að taka þátt í Stíl, hönnunarkeppninni sem haldin er á vegum SAMFÉS ár hvert. Er þetta í fyrsta skiptið sem unglingaval Grundaskóla tekur þátt í þessu verkefni með félagsmiðstöðinni Arnardal hér á Akranesi.

Nemendurnir höfðu 6 vikur til að vinna að þessu verkefni. Verkefnið var að hanna klæðnað, förðun, hárgreiðslu og útbúa ferilmöppu með öllum upplýsingum um þessa þrjá fyrrnefndu þætti. Hönnunin þurfti að tengjast þema sem var það sama fyrir alla þátttakendur á landinu en það var „Gyðjur og goð“. Fimmtudaginn 23. febrúar var síðan undankeppni haldin í sal Grundaskóla.

Þessir 32 nemendur skiptust niður í 9 lið og voru 2 þeirra valin til að keppa í landskeppninni laugardaginn 4. mars í Laugardagshöllinni. Fjögurra manna utanaðkomandi dómnefnd dæmdi til úrslita. Var þetta verkefni bæði skemmtilegt og gefandi og komu fram mjög ólíkar og frumlegar hugmyndir.






# Odysseus-keppnin

Í vetur skiluðu nemendurnir Oliver og Ísak Örn inn áhugaverðu verkefni í keppni sem heitir Odysseus sem Evrópska geimvísindasambandið heldur. Verkefnið þeirra byggði á þeirri hugmynd að koma manneskjum á plánetuna Mars og byrja þar á nýjum stað til að skoða og læra.

Hópurinn sem þeir keppa í heitir Pioneers og er hann fyrir nemendur á aldrinum 14-19 ára. Það verður gaman að fylgjast með þessum strákum í framtíðinni.



# Unglingaval í útivist

Undanfarnar vikur hefur hópur duglegra drengja í 8. - 10. bekk stundað nám í útivistarhópi á námskeiðabraut. Auk þess að læra um kortalestur, notkun áttavita, búnað til útivistar og fleira, þá hafa strákarnir fengið tækifæri til að prófa ýmsar útgáfur af skemmtilegri útiveru. Við heimsóttum m.a. Björgunarfélag Akraness og fengum þar góða kynningu á starfsemi félagsins auk þess sem strákarnir fengu að reyna sig við klifur, kassaklifur og klettasig. Frábær heimsókn og virkilega áhugaverð.

Meðfylgjandi myndir eru svo frá skemmtilegri göngu á Akrafjall og úr kajakróðri sem farinn var í síðustu kennslustund námskeiðsins. Til að allir gætu prófað að róa á kajak, þá fengum við lánaða nokkra báta hjá nokkrum kajakræðurum í siglingafélaginu Sigurfara og færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir aðstoðina.











# Leikmunasýning úr söngleikjum Grundaskóla

Á haustdögum var opnuð glæsileg leikmunasýning úr söngleikjum Grundaskóla. Sýningin var í Guðnýjarstofu á safnasvæðinu að Görðum.

Það var textílkennari Grundaskóla og listamaðurinn Friðrika Eygló Gunnarsdóttir sem hafði veg og vanda að öllum undirbúningi og framkvæmd sýningarinnar. Sýningin var, eins og myndirnar bera með sér öll hin glæsilegasta og sýndi glöggt hversu mikið hefur verið lagt í söngleiki skólans.

Sýningin stóð uppi á Vökudögum og margir gestir lögðu leið sína í Guðnýjarstofu.

Í tilefni af 35 ára afmæli skólans og opnun þessarar glæsilegu sýningar fjölmenntu starfsmenn Grundaskóla á svæðið og slógu upp léttri veislu í tilefni dagsins.











# Vorskóli í 20 ár

Fyrir tveimur áratugum hófst formlegt samstarf leikskóla og grunnskóla á Akranesi en eitt af markmiðum þess er að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla. Liður í starfinu er hinn árlegi vorskóli sem er öðru hvoru megin við páska og stendur í fjóra daga. Þar koma allir væntanlegir 1. bekkingar saman og kynnast framtíðarskólanum sínum. Meðan á vorskóla stendur heimsækja 1. bekkingar leikskólana en hluti þeirra er þó alltaf eftir í grunnskólanum sem gestgjafar.

Í vorskólanum er lögð áhersla á að börnin fái víðtæka kynningu á grunnskólanum og fái eins raunsanna mynd af honum og hægt er. Þau fara á nokkur svæði þar sem þau vinna að fjölbreyttum verkefnum, fara í frímínútur og borða nesti sem þau hafa meðferðis.

Á lokadegi vorskólans er haldin hátíð eða „Húllum-hæ" eins og við köllum það þar sem núverandi og væntanlegir 1. bekkingar skemmta sér saman við leiki, söng og dans ásamt því að hlusta á Þóru sögukonu segja spennandi sögur.



















**1. HSG**
*Aftasta röð f.v.: Theodór Smári Þorsteinsson, Emil Jóhannesson, Gabriela Michalowska, Arnór Jökulsson, Albert Hrafn Lúðvíksson, Erik Vilhelm Hlinason.*
*Miðju röð f.v.: Wioletta Taroni, Heiðdís Tinna Daðadóttir, Gabríela Mist Valgeirsdóttir, Hekla Dís Hilmarsdóttir, Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir, Heiðrún Sif Garðarsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Heimir Leó Unnarsson, Tinna Rós Eyfjörð Hólmarsdóttir, Patrekur Emil Mýrdal, Ásdís Hekla Kristjánsdóttir, Elsa Dís Hjaltadóttir, Gabríel Dagur Gunnarsson.*
*Á myndina vantar: Einar Snæ V. Sigurbrandsson.*

**1. LSH**
*Aftasta röð f.v.: Lilja Sigríður Hjaltadóttir, Styrmir Gíslason, Bergur Ernir Karlsson, Matthías Máni Bjarnason, Ármann Marvin Sigurðsson.*
*Næstaftasta röð f.v.: Alma Hlín Ingimarsdóttir, Victoria Liv Jónsdóttir, Orri Þór Jónsson, Daníel Þorfinnur Gíslason.*
*Næstfremsta röð f.v.: Dóra Valdís Arilíusdóttir, Kristín Sjöfn Ómarsdóttir, Elín Sara Skarphéðisdóttir, Vigný Lea Valdimarsdóttir, Björn Leó Aronsson.*
*Fremsta röð f.v.: Erika Ósk Emilsdóttir, Sigurbjörg Heiða Ívarsdóttir, Örlygur Hrafn Stefánsson, Jökull Stefnisson.*





**1. SMV**
*Aftasta röð f.v. Lena Björk Bjarkadóttir, Oliver Leví Sverrisson, Dagur Óli Ragnarsson, Elmar Gísli Ólafsson, Róbert Kári Örnólfsson.*
*Næstaftasta röð f.v.: Aldís Ylfa Heimisdóttir, Maja Kostewicz, Bjarni Þórðarson, Aron Gabriel Bergm. Mikaelsson, Eymar Ágúst Eymarsson.*
*Næstfremsta röð f.v.: Vala Rún Hrannarsdóttir, Birkir Hrafn Theodórsson, Þóra Guðmundsdóttir, Helga Dóra Einarsdóttir, Ernir Leví Heimisson, Svava Mjöll Viðarsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Emilía Snjólfsdóttir, Aníta Rut Andradóttir, Nadía Steinunn Elíasdóttir, Árný Lea Grímsdóttir, Íris Karenardóttir, Maren Unnur Magnúsdóttir.*

PÚLSINN



**1. ÁDO**
*Aftasta röð f.v.: Árdís Dögg Orradóttir, Hallur Sigurjónsson, Pétur Geir Gíslason, Magnús Maron Kristinsson, Heiðrún Ása Þráinsdóttir, Leó Þór Árnason, Maron Kárason og Jasmín Ósk Anitudóttir.*
*Miðröð f.v.: Karítas Líf Bjarnadóttir, Óliver Sebastian Týr Almarsson, Elía Valdís Elíasdóttir og Lilja Fanney Ársælsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Andri Snorrason, Erna Guðrún Jónsdóttir, Jökull Sindrason, Naómí Líf Sölvadóttir og Iwo Szymon Gorajewski.*
*Á myndina vantar: Birgi Viktor Kristinsson, Juliu Von Káradóttur og Stefaníu Líf Viðarsdóttur.*

**2. EK**
*Aftasta röð f.v.: Katrín Lára Sveinbjörnsdóttir, Rakel Irma Aðalsteinsdóttir, Svava Guðfinna Ingvarsdóttir, Viktoría Halldórsdóttir, Ari Úlrik Hannibalsson, Davíð Leó Hafþórsson.*
*Næstaftasta röð f.v.: Jóhanna Vilborg Guðmundsdóttir, Freyja Ísfold Guðmundardóttir, Arnór Breki Guðjónsson, Daníel Mar Andrason, Viktor Gaciarski.*
*Næstfremsta röð f.v.: Eygló Karlsdóttir, Aþena Líf Vilhjálmsdótir, Viktoría Vala Hrafnsdóttir, Aldís Ingibjörg Ísólfsdóttir, Ólafur Ólafsson, Daníel Guðjónsson.*
*Fremsta röð f.v.: Sædís Ósk Pálmadóttir, Marta Sóley Helgadóttir, Róbert Leó Steinþórsson, Enok Logi Ásgeirsson, Victor Máni Ólafsson.*





**2. G**
*Efsta röð f.v.: Gunnhildur Björnsdóttir, Atli Freyr Bjarnason, Isak Theodor Eiden, Tinna Björg Jónsdóttir, Alexander Fijal, Elías Marvin Ingólfsson.*
*Miðröð f.v.: Sigurður Kai Jóhannsson, Theódór Orri Arilíusson, Jóhann Máni Ástþórsson, Elín Anna Viktorsdóttir, Maksymilian Marek Zak, Eldór Frosti Halldórsson.*
*Fremsta röð f.v.: Helgi Freyr Ómarsson, Telma Kristín Ingvarsdóttir, Embla Kristín Guðmundsdóttir, Ása Brynja Fannarsdóttir, Linda Kristey Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Helga Arnardóttir, Þorgerður Sörudóttir.*
*Á myndina vantar Viktoríu Thelmu Ólafsdóttir.*



*2. VV*

*Aftasta röð f.v.: Ragnheiður Þórðardóttir, Fjalar Þórir Óttarsson, Jón Auðunn Jónsson, Samúel Örn Ólafsson, Jónas Laxdal Aðalgeirsson, Valgerður Valsdóttir.*
*Miðröð f.v.: Sindri Leó Róbertsson, Ari Styrmir Almarsson, Judite Guðbjörg da Silva, Aldís Karen Stefánsdóttir, Karen Líf Viðarsdóttir, Ester Guðrún Sigurðurðardóttir, Hilmar Oddur Arnórsson.*
*Fremsta röð f.v.: Eva Þóra Sigurjónsdóttir, Gabriel Cieslak, Anna Lísa Axelsdóttir, Gabriel Einarsson, Karina Mazurovic, Írena Rut Mareksd. Binkowska, Hreinn Bergmann Sigurðsson.*

*3. KB*

*Efsta röð f.v.: Karen Birgisdóttir, Nökkvi Snorrason,Alexandra Ósk Hermóðsdóttir, Arnar Már Garðarsson.*
*Næst aftasta röð f.v.: Barbara Davis, Ívar Orri Sigurðarsson, Ísak Logi Jónasson, Sunna Dís Skarphéðinsdóttir Elísabet Jóhannesdóttir.*
*Næst fremsta röð f.v.: Aleksander Palinski, Aldís María Smáradóttir, Julia Michalek, Sævar Hrafn Sævarsson, Valdís Ramundt Kristinsdóttir, Silvía Björg Einarsdóttir*
*Fremsta röð f.v.: Lilja Sól Bjarnadóttir, Arnar Páll Sigmarsson, Styrmir Jóhann Ellertsson, Lovísa Rós Aronsdóttir, Anna Málfríður Ottesen, Nikola Jadwizyc.*
*Á myndina vantar: Karl Magnús Kristjánsson, Jenný Lind Hannesdóttir*





*3. MRJ*

*Aftasta röð f.v.: Ásrún Silja Andradóttir, Vigdís Birna Arnþórsdóttir, Margrét Rós Jósefsdóttir, Aðalheiður Lára Guðlaugsdóttir, Barbara Davis.*
*Næst fremsta röð f.v.: Vala María Sturludóttir, Jökull Viktor Jakobsson, Ása Katrín Harðardóttir, Magnús Orri Ólafsson, Jón Þór Finnbogason, Tryggvi Rafn Ingimarsson, Adam Agnarsson, Elín Birna Ármannsdóttir, Birta Maren Kristjánsdóttir, Skúli Hrafn Viðisson, Emilía Kristín Guðjónsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Helena Hrönn Baldvins-dóttir, Þórkatla Þyrí Sturludóttir, Arnar Gunnarsson, Birkir Hrafn Samúelsson, Bjarki Berg Reynisson, Guðmundur Hrafnkell Daðason, Sunna Rún Sigurðardóttir, Aldís Ósk Arnardóttir.*



*3. SRR*

*Efst f.v.: Ísleifur Sturlaugsson, Ívan Þór Reynisson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Tinna Pálsdóttir, Aron Óttar Bergþórsson, Árni Daníel Grétarsson*

*Næst aftasta röð f.v.: Barbara Davis, Ísak Davíð Þórðarson, Sigurður Brynjarsson, Jóhannes Már Daníelsson, Guðrún Ágústa Káradóttir, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir,*

*Næst fremsta röð f.v.: Arnar Freyr Brynjarsson, Árni Hrafn Gíslason, Sara Dís Óskarsdóttir, Róbert Óttarsson, Ásrún Jónsdóttir, Benedikt Víkingur Rúnarsson.*

*Fremsta röð f.v.: Ronja Vala Gísladóttir, Aldís Ösp Elvarsdóttir, María Erla Björnsdóttir, Elísabet Fróðný Eiríksdóttir, Kara Líf Traustadóttir.*

*4. EBD*

*Aftasta röð f.v.: Óskar Sindri Ármannsson, Marinó Ísak Dagsson, Birgir Örn Jónasson, Morten Ottesen, Víkingur Geirdal.*

*Næstaftasta röð f.v.: Snorri Már Óttarsson, Askur Björn Líndal Þrastarson, Ágúst Óðinn Ásgeirsson, Björgvin Þór Helgason, Kristian Mar Andrason, Elín Björk Davíðsdóttir.*

*Næstfremsta röð f.v.: Guðlaug Gyða Hannesdóttir, Díana Ósk Víðisdóttir, Sverrir Mar Guðnason, Eydís Glóð Guðlaugsdóttir, Daníel Bergmann Einarsson.*

*Fremsta röð f.v.: Freyja Kristný Sævarsdóttir, Rannveig María Gísladóttir, Magnús Ingi Sturluson, Guðjón Ívar Granz, Íris Arna Ingvarsdóttir.*

*Á myndina vantar: Margréti Elvu Fjölnisdóttur.*





*4. EHÞ*

*Aftasta röð f.v.: Ísabella Ada Ívarsdóttir, Íris Embla Andradóttir, Ísólfur Darri Rúnarsson, Álfrún Embla Hrannarsdóttir og Hringur Logi Sigurbjörnsson.*

*Næstaftasta röð f.v.: Ísabella Ýr Pétursdóttir, Freyja Sif Eiríksdóttir, Jóhanna Dagný Óskarsdóttir og Hugrún Stefnisdóttir*

*Næstfremsta röð f.v.: Eyrún Helga Þorleifsdóttir, Ingþór Snjólfsson, Daníel Ingi Jóhannesson, Bergsteinn Mar Einarsson, Máni Berg Ellertsson, Óli Rafn Óskarsson og Bjarki Freyr Sturluson.*

*Fremsta röð f.v.: Arna Karen Gísladóttir, Katrín Lára Kristinsdóttir, Hulda Þórunn Ellertsdóttir, Guðbrandur Ingi Guðjónsson og Kristinn Daði Lúðvíksson.*

*Á myndina vantar: Dagur Kári Kristinsson*



**4. KVH**
*Aftasta röð f.v.: Ingibjörg Eggertsdóttir, Elvar Ísak Jessen, Sævar Þór Eggertsson, Guðmundur Andri Björnsson, Bragi Friðrik Bjarnason, Berta Ellertsdóttir.*
*Næstaftasta röð f.v.: Hákon Freyr Guðmundsson, Andri Eyjfjörð Unnarsson, Kolfinna Eir Jónsdóttir, María Ósk Ásgeirsdóttir, Logi Daðason.*
*Næstfremsta röð f.v.: Hartmann Bjartur Ólafsson, Hilmar Veigar Ágústsson, Mikael Aron Reynisson, Marta María Baldursdóttir, Rebekka Klara Óskarsdóttir, Líf Hjálmsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Fannar Atli Victorsson, Fura Claxton, Gabriel Máni Benediktsson, Sara Ósk Eyfjörð Hólmarsdóttir, Rakel Sara Ólafsdóttir.*
*Á myndina vantar: Kristínu Ólínu Guðbjartsdóttur.*

**5. IHÓ**
*Aftasta röð f.v.: Arina Pecorina, Lilja Björk Unnarsdóttir, Balthasar Alexandersson Eck, Karen Káradóttir.*
*Næst aftasta röð f.v.: Viktor Daði Eggertsson, Ellert Kári Samúelsson, Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir, Líf Ramundt Kristinsdóttir, Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir umsjónarkennari.*
*Næst fremsta röð f.v.: Ragnar Páll Aðalsteinsson, Birna Rún Þórólfsdóttir, Aron Benedikt Birgittuson, Gísli Stefán Gíslason, Daði Snær Viktorsson, Elvar Daði Gíslason.*
*Fremsta röð f.v.: Sara Pálsdóttir, Rúnar Sigurðsson, Viðar Sigurþórsson, Tristan Freyr Traustason, Salka Hrafns Elvarsdóttir*
*Á myndina vantar: Felix Heiðar Magnason.*





**5. VH**
*Aftasta röð f.v.: Viktor Örn Einarsson, Arnbjörn Ingi Grétarsson, Elísa Daðadóttir, Gunnar Smári Sigurjónsson, Gunnfríður Rakel Hannesdóttir.*
*Næstaftasta röð f.v.: Vilborg Helgadóttir, Karen Þorgrímsdóttir, Kristján Andri Valmundsson, Guðni Maron Kristinsson, Gígja Kristný Stefánsdóttir.*
*Næstfremsta röð f.v.: Katrín Þóra Þórðardóttir, Sara María Ármannsdóttir, Gabriel Llorens Einarsson, Tómas Týr Tómasson, Konrad Gorajewski, Helga Rós Ingimarsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.Sylvía Þórðardóttir, Heiður Sara Arnardóttir, Ragnar Kristinn Guðjónsson, Sindri Snær Ásgeirsson, Magnea Sindradóttir, Kristófer Aron Sigurjónsson.*



**5. VS**
*Aftasta röð f.v.: Bjarni Snær Skarphéðinsson, Nökkvi Snorrason, Anna María Sigurðardóttir, Hjörtur Hrafnsson, Mateusz Kuptel.*
*Næstaftasta röð f.v.: Valdís Sigurvinsdóttir, Hrannar Þór Svansson, Hlynur Örn Einarsson, Rúnar Breki Óskarsson, Elvar Logi Guðjónsson, Bryndís Kjerúlf Kristinsdóttir.*
*Næstfremsta röð f.v.: Máni Blær Sigurgeirsson, Ísak Elí Hallgrímsson, Bergþóra Edda Grétarsdóttir, Demi van den Berg, Birta Marín Benediktsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Valdís Harpa Reynisdóttir, Ásdís Erlingsdóttir, Rakel Sif Stefánsdóttir, Ísafold Lilja Benediktsdóttir, Hugrún Erla Arnarsdóttir.*

**6. ESI**
*Neðsta röð f.v.: Victoria Þórey, Björk, Rakel Katrín, Rakel Ýr, Aníta Sif, Júlíus.*
*Miðröð f.v.: Thelma Björg, Ylfa, Gyða, Óskar Gísli, Gísli Freyr, Ýmir.*
*Næst efsta röð f.v.: Gísli Fannar, Pálmi Rúnar, Tristan Sölvi, Haukur Andri, Arnar Gaui.*
*Aftasta röð f.v.: Kennari: Elfa Sif, Arnar Freyr, Sigurjón Jósef, Baldur Freyr, Adrian og stuðningsfulltrúi: Hildur.*





**6. SÓ**
*Neðsta röð f.v.: Rósa Kristín Hafsteinsdóttir, Málfríður Júlía Ingvarsdóttir, Ragna Sól Karlsdóttir, Ragnheiður Hjálmarsdóttir, Katrín Fjóla Ásgeirsdóttir og Amira Þöll Ástrósardóttir.*
*Miðröð f.v.: Ragnheiður Gunnarsdóttir, Kolbeinn Tumi Sveinsson, Nói Claxton, Alex Tristan Sigurjónsson, Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir.*
*Næst efsta röð f.v.: Guðmundur Skarphéðinn Gíslason, Dagur Karl Líndal Þrastarson, Pétur Jóhannes Óskarsson, Mikael og kennari Sigríður G. Ólafsdóttir.*
*Aftasta röð f.v.: Gylfi Kristinn Garðarsson, Hektor Bergmann Garðarsson, Daði Már Karlsson og Logi Mar Hjaltested.*
*Á myndina vantar: Íris Rakel Aðalsteinsdóttir*



**6. LK**
*Aftasta röð f.v.: Baldur Bent Vattar Oddsson, Almar Kári Ásgeirsson, Birkir Halldórsson, Þórður Freyr Jónsson, Jóel Duranona og Daði Freyr Gunnarsson.*
*Næstaftasta röð f.v.: Laufey Karlsdóttir, Nikulás Mýrdal Sigurðsson, Jóel Þór Jóhannesson og Ólafur Bjarki Stefánsson.*
*Næst fremsta röð f.v.: Elsa Maren Steinarsdóttir, Katrín María Ómarsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Nína Dögg Hilmarsdóttir, Unnur Ósk Ragnarsdóttir og Berglind Huld Victorsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Þórður Ingi Hjaltason, Óðinn Máni Gunnarsson, Daníel Breki Bjarkason og Kári Kristvinsson.*

**7. EV**
*Aftasta röð f.v.: Einar Viðarsson, Hrafnkell Váli Valgarðsson, Aron Elvar Dagsson, Aníta Sól Gunnarsdóttir, Íris Rán Kristinsdóttir.*
*Næstaftasta röð f.v.: Ellert Lár Hannesson, Auður Þórhallsdóttir, Andrea Kristín Ármannsdóttir, Kristín Vala Jónsdóttir, Rúna Björk Guðmundsdóttir, Írena Dögg Arnarsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Amber Ýr Taroni, Ólafur Ían Brynjarsson, Una Þórdís Guðmundsdóttir, Hafþór Örn Arnarson, Gabríel Þór Þórðarson.*





**7. HJ**
*Aftasra röð f.v.: Hrafnhildur Jónsdóttir umsjónakennari, Jón Gautur Hannesson, Birnir Már Þorvaldsson, Einar Óli Hjaltason, Bergur Breki Stefánsson, Petrún Berglind Sveinsdóttir stuðningsfulltrúi.*
*Næst aftasta röð f.v.: Mattíhas Smári Sighvatsson, Margrét Lilja Jónsdótir, Sölvi Snorrason, Bóas Orri Hannibalsson, Eysteinn Agnar Georgson.*
*Næst fremsta röð f.v: Tanya Rán Pálsdóttir, Tanía Sól Ragnarsdóttir, Marey Edda Helgadóttir, Friðmey Ásgrímsdóttir, Guðmundur Sveinn Gunnarsson.*
*Fremsta röð f.v.: Elsa María Einarsdóttir, Elísabet Eir Magnúsdóttir, Bergrún Birta Liljudóttir, Agnes Rún Marteinsdóttir, Maron Reynir Sigurðarson.*
*Vantar ámyndina: Baldur Páll Svefánsson.*



*7. ÍA*
*Aftasta röð f.v.: María Rún Ellertsdóttir, Ingi Þór Sigurðsson, Brynhildur Helga Viktorsdóttir, Dagbjört Líf Guðmundsdóttir, Arthúr Bjarni Magnason.*
*Næstaftasta röð f.v.: Oliver Darri Bergmann, Ólafur Haukur Arilíusarson, Jóhannes Breki Harðarson, Alexander Dagur Sigmarsson, Baldur Freyr Gylfason, Gylfi Borgþór Sigurðsson.*
*Næstfremsta röð f.v.: Róbert Leó Gíslason, Ástdís María Guðjónsdóttir, Ármann Ingi Finnbogason, Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, Íris Aðalsteinsdóttir*
*Fremsta röð f.v.: Eyþór Atli Árnason, Kristófer Áki Hlinason, Davíð Ernir Jónsson, Ingveldur Ósk Sigurðardóttir, Alexandra Ósk Reynisdóttir*

*8. URÁ*
*Aftasta röð f.v.: Ingimar Elfar Ágústsson, Mirra Björt Hjartardóttir, Árni Salvar Heimisson, Eiríkur Snjólfson og Ursula Ragna Ásgrímsdóttir (umsjónarkennari).*
*Miðju röð f.v.: Matylda Pilecka, Björn Viktor Viktorsson, Engilbert Ólafsson, Helena Rós Sævarsdóttir, Íris Ólafsdóttir, Helgi Rafn Bergþórsson.*
*Fremsta röð f.v.: Embla Rún Sigurðardóttir, Hákon Haraldsson, Almar Daði Kristinsson, Védís Agla Reynisdóttir, Ásdís Ýr Þorgrímsdóttir, Haukur Logi Einarsson.*
*Á myndina vantar: Katrín Lea Daðadóttir, Mikael Aron Birgisson, Gabríel Ísak Valgeisson.*





*8. IH*
*Aftasta röð f.v.: Lilja Björg, Þorgeir Örn, Magnús Máni, Fannar, Ingibergur.*
*Næst aftasta röð f.v.: Halldór, Arnór Smári, Paula, Arndís Lilja, Filip, Róbert Máni.*
*Næst fremsta röð f.v.: Krissý, Sigrún Freyja, Guðný Sigurrós, Heiðar Logi.*
*Fremsta röð f.v.: Viktoría, Þorgerður, Kristrún Bára, Embla Rós, Ingibjörg Har.*



**8. GSH**
*Aftasta röð f.v.: Guðlaug Sara Gunnarsdóttir, Olaf Zablocki, Sólrún Lilja Finnbogadóttir og Aron Helgi Halldórsson.*
*Næstaftasta röð f.v.: Gunnar Sturla Hervarsson, Maryam Anwar Nassar, Thelma Rós Ragnarsdóttir, Viktor Bjarki Benjamínsson og Jóhann Magni Eggertsson.*
*Næstfremsta röð f.v.: Maren Lind Steinþórsdóttir, Sigurður Andri Óskarsson, Oliver Snær Ólason og Hreimur Óskar Karlsson.*
*Fremsta röð f.v.: Ásrún Heimisdóttir, Thelma Rut Bjarnadóttir, Lára Jakobína Gunnarsdóttir og Elmar Bragi Gunnarsson.*
*Á myndina vantar: Aldís Mjöll Hlynsdóttir, Anna Magný Ellertsdóttir, Róbert Kári Óskarsson, Sara Lind Atladóttir og Szymon Pawelczyk.*

**9. HDG**
*Aftasta röð f.v.: Steinar Daði Hjaltason, Ísak Örn Elvarsson, Oliver Stefánsson, Sigmar Stefnisson, Natalia Palinska.*
*Næstaftasta röð f.v.: Hjördís Dögg Grímarsdóttir (umsjónarkennari), Marta Lind Jörgensdóttir, Ragnheiður Helga Sigurgerisdóttir, Arnþór Helgi Gíslason, Patrekur Örri Unnarsson.*
*Næstfremsta röð f.v.: Heba Bjarg Einarsdóttir, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir, Baldur Einarsson, Arnar Már Kárason, Brynhildur Björk Magnúsdóttir, Sindri Már Sigurðsson.*
*Fremsta röð f.v. Þorgils Sigurþórsson, Heiður Dís Kristjánsdóttir, Matthildur Hafliðadóttir, Aþena Ösp Vattar Oddsdóttir, Sigurrós Vestmann Þórðardóttir, Ástrós Elísabet Ástþórsdóttir.*





**9. EVA**
*Aftasta röð f.v.: Elísabet Valdimarsdóttir (umsjónarkennari), Aron Snær Guðjónsson, Karl Ívar Alfreðsson, Rósa Björk Bjarnadóttir (stuðningsfulltrúi).*
*Næstaftasta röð f.v.: Helgi Reyr Guðnason, Isak Bergmann Jóhannesson, Ástþór Vilmar Brynjólfsson, Róbert Rögnvaldsson.*
*Næstfremsta röð f.v.: Andri Páll Einarsson, Júlíus Emil Baldursson, Nikulás Ísar Bjarkason, Enrique Snær Llorens, Daníel Þór Gunnarsson.*
*Fremsta röð f.v.: Katrín Eva Einarsdóttir, Oliwia Malczyk, Selma Dögg Þorsteinsdóttir, Anna Þóra Hannesdóttir, Erna Björt Elíasdóttir.*
*Á myndina vantar: Lilja Þórey Jóhannsdóttir og Steindór Mar Gunnarsson.*



**9. SG**

*Aftasta röð f.v.: Gylfi Karlsson, Oliver Helgi Pálsson, Óðinn Örn Óskarsson, Kristófer Leon Ívarsson, Júlían Ómar Ingason.*
*Næstaftasta röð f.v.: Dominik Pstragowski, Erla Karítas Jóhannesdóttir, Sigrún Eva Sigurðardóttir, Dagný Halldórsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir (umsjónarkennari).*
*Næstfremsta röð f.v.: Sigurður Már Magnússon, Ronja Rut Hjartardóttir, Danielle Micah Rowah, Bára Valdís Ármannsdóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Finnbogi Laxdal Aðalgeirsson, Niko Kilian Temesvari, Jón Birkir Þorbjörnsson, Halldór Andri Guðmundsson, Ásdís Eva Granz, Hafþór Ingi Harðarson.*

**10. BÞ**

*Aftasta röð f.v.: Magnús Þór Kristjánsson, María Mist Guðmundsdóttir, Bjarki Þór Ólason, Ólöf Rún Guðmundsdóttir og Emil Þór Guðmundsson.*
*Næst aftasta röð f.v.: Berglind Þráinsdóttir umsjónarkennari, Benjamín Kristinn Sigurjónsson, Viktor Theodórsson, Valdimar Ólafsson, Haukur Stefán Jakobsson og Guðný Ósk Stefánsdóttir, stuðningsfulltrúi*
*Næst fremsta röð f.v.: Klara Kristvinsdóttir, Katrín María Óskarsdóttir, Karen Rut Finnbogadóttir, Oddur Gíslason og Brynjar Már Ellertsson.*
*Fremsta röð f.v.: Aþena Ósk Eiríksdóttir, Ylfa Claxton, Róberta Lilja Ísólfsdóttir, Mikael Sævarsson, Hafsteinn Orri Hilmarsson og Heiður Ósk Ólafsdóttir.*





**10. MKÓ**

*Aftasta röð f.v.: Gísli Laxdal Unnarsson, Sæþór Kristinn Guðmundsson, Hlöðver Már Pétursson, Steindór Gauti Guðmundsson, Árni Þórir Heiðarsson.*
*Næst aftasta röð f.v.: Erika Bjarkadóttir, Óttar Bergmann Kristinsson, Sigurjón Logi Bergþórsson, Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir, María Kristín Óskarsdóttir, umsjónarkennari.*
*Næst fremsta röð f.v.: Ída Mýrdal Sigurðardóttir, Katrín Helga Sævarsdóttir, Nikola Fiolna, Ásta María Búadóttir.*
*Fremsta röð f.v.: Mikael Hrafn Helgason, Marvin Darri Steinarsson, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Elín Mist Sigurðardóttir, Amalía Sif Jessen.*
*Á myndina vantar: Gróu Dagmar Gunnarsdóttur.*



*10. VLJ*
*Aftasta röð f.v.: Marteinn Theodórsson, Natanael Bergmann Gunnarsson, Pétur Vilberg Bergsteinsson, Guðmundur Þór Hannesson, Rakel Rún Eyjólfsdóttir.*
*Miðröð f.v.: Pawel Bortkun, Birkir Daði Jónsson, Vilborg Lind Gunnarsdóttir, Sigrún Ósk Sigurjónsdóttir, Orri Hermannsson, Aron Sædal Karlsson.*
*Fremsta röð f.v.: Valgarður Lyngdal Jónsson umsjónarkennari, María Dís Einarsdóttir, Daría Fijal, Helga Dís Brynjólfsdóttir, Eva María Jónsdóttir, Birkir Gunnlaugsson*
*Á myndina vantar: Ægi Sölva Egilsson.*

# Myndir úr skólalífinu









# Nemendafélag Grundaskóla 2017

Að venju er fjörugt og líflegt starf hjá nemendafélagi Grundaskóla. Stjórn félagsins er vinnusöm og gerir alltaf sitt besta til efla félagslífið fyrir skólann og nemendurna.

Stjórn félagsins skipa fulltrúar allra bekkja í 8.-10. bekk auk formanns og varaformanns sem kosnir eru í almennum kosningum meðal nemenda. Þetta skólaárið voru Ylfa Claxton formaður og Róberta Lilja Ísólfsdóttir varaformaður. Auk þeirra voru Amalía, Hlöðver, Rakel, Eva, Klara og Karen úr 10. bekk. Oliver, Ísak Örn, Selma, Dagný, Gylfi og Karl úr 9. bekk og Lilja, Kristrún, Oliver Snær, Helgi og Katrín Lea úr 8. bekk.

Hópurinn vann vel saman við að framkvæma ýmiss konar skemmtilega viðburði. Einnig hefur félagið verið í góðri samvinnu við nemendafélag Brekkubæjarskóla varðandi sameiginlega dansleiki og hefur það gengið frábærlega.

Á liðnu skólaári hefur nemendafélagið staðið fyrir *húllumhæ degi*, íþróttamótum, gistinótt og fleiri skemmtilegum viðburðum. Í ár kom síðan upp ný hugmynd frá nemendafélaginu um að halda svokallaðan miðvikudagsmeistara annan hvern miðvikudag. Það voru haldnar margar skemmtilegir keppnir á milli bekkja og vonum við að nemendafélagið muni halda í þennan lið á komandi skólaári.

Einnig var hinn árlegi Hátónsbarki haldinn í skólanum og sigraði Katrín Lea, glæsilega gert hjá henni.

Árlega er haldið málþing þar sem fulltrúar bekkja koma saman og ræða hvað betur mætti fara í félagsmálum og skólastarfi almennt. Fyrra málþingið var haldið fyrir áramót í október en það seinna í mars.

Árshátíð Grunnskólanna var haldin þann 21. apríl og gekk hún með prýði. Emmsjé Gauti og Alexander Jarl létu sjá sig og var stemningin gríðarleg.

Það sýnir sig algjörlega að framtíðin er björt í Grundaskóla og vill nemendafélagið þakka öllum þeim sem komu að og hjálpuðu til á einhvern hátt við félagsstarfið á þessu skólaári



## Spurt og svarað



*Nafn:*
Íris Karenardóttir
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*
Dýralæknir
*Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?*
Sund
*Hvað eru margir nemendur í Grundaskóla?*
1000
*Hvað heitir skólastjóri Grundaskóla?*
Veit ekki, held hann heiti Birgir



*Nafn:*
Matthías Máni Bjarnason
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?*
Bakari.
*Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?*
Leika.
*Hvað eru margir nemendur í Grundaskóla?*
100.
*Hvað heitir skólastjóri Grundaskóla?*
Lóa.




Þann 6. október 2016 átti Grundaskóli 35 ára afmæli. Skólaárið 2016-17 var margt gert til að minnast ýmissa atburða í sögu skólans.

Í Grundaskóla hefur alla tíð verið metnaðarfullt skólastarf og nemendur og kennarar hafa verið óhræddir við að ráðast í fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem hafa reynt á fjölbreytta hæfni, þolinmæði og styrk allra hlutaðeigandi.

Hér má sjá nokkrar myndir frá afmæli Grundaskóla.
















































Skagaver


BRONX











Grundaskóli
Akranesi